

# Þúsund mílur að heiman

## Nokkrir textar Bobs Dylans

### Inngangur

Ég tók mig til árið 2000 fyrir áeggjan bernskuvinnar mínar, Árna Mogens Björnssonar prentsmíðs, og þýddi úrval af textum Bobs Dylans, auk æviágrips hans. Við ætluðum síðan að gefa þetta efni út í litlu hefti, á stærð við hljómdisk, til heiðurs Dylan. Þýðingin er þannig að ég reyndi að endurskapa stemningu og blæ textana sem ljóðræns texta en hirti minna um form, takt og bragarhátt enda ekki ætlaðir til að syngja þá. Textana átti einnig að birta á ensku. Við reyndum mánuðum saman að fá leyfi umboðsmanna Bobs Dylans til að gefa úr þessar þýðingar en fengum loks afsvar þar sem það stangaðist á við hagsmuni einhverra hljómplötuútgefenda hérlandis. Þetta efni er nú birt hér til gamans og vonandi hafa einhverjir aðrir unun af því en við Árni. Fyrst kemur íslenski textinn, svo sá enski. Og æviágripið sem nær aðeins til þess tíma þegar átti að gefa efnið út er aftast. Ég hef lagfært textana örlítið.

## Innihald

Óður til Woodys .....	4
Berst með vindinum .....	6
Brátt verður steypiregn .....	8
Stúlka að norðan .....	12
Hugsaðu þig ekki um, þetta er allt í lagi .....	14
Einmanalegur dauðdagi Hattie Carroll .....	16
Tímarnir breytast.....	19
Stígvél úr spænsku leðri .....	22
Eirðarlaus kveðja .....	25
Það er ekki ég, ljúfan .....	28
Ballaða í D-moll.....	30
Neðanjarðarheimþrárljóð.....	34
Hr. tambúrínuleikari .....	38
Því er öllu lokið, ljúfan mædda .....	42
Eins og veltandi grjót .....	44
Kona í rigningu nr. 12 og 35.....	48
Fastur á ný inni á Mobile með Memphis-þunglyndi.....	50
Myndir af Jóhönnu .....	56
Þú, dapureyga kona frá Láglöndunum .....	60
Ég er einmana flækingur .....	65
Ég fleygði því öllu frá mér .....	67
Liggðu, kona, liggðu .....	69
Að berja að dyrum himnaríkis .....	71
Brúðkaupssöngur.....	73
Flæktur í trega .....	76
Fíflafjúk .....	81
Skjól frá stominum .....	86
Það er kviknað í þessu hjóli .....	90
Hvirfilbylur .....	92
Svarti demantaflói .....	99
Sara .....	104
Þú verður að þjóna einhverjum.....	107

Í sérhverju sandkorni .....	111
Brandarakarl .....	113
Ekki falla saman hjá mér í kvöld .....	117
Í nánu sambandi við hjarta mitt .....	121
Dökk augu .....	124
Draumaröð .....	126
Stúlka frá Brownsville .....	128
Hálöndin .....	136
Skilaboð frá Bob Dylan .....	143
(Opið bréf til Borgaralegu neyðarfrelsisnefndarinnar, í desember 1963).....	143
Stórar hljómplötur Bob Dylans til 1997 .....	152
„Það þarf ekki veðurfræðing til að segja okkur hvaðan vindurinn blæs.“ Æviágrip Bobs Dylan .....	164
Í faðm vísna söngvara .....	167
Slegið í gegn .....	168
Sungið með hljómsveitum .....	170
Endurmat eftir slys .....	172
Vinsæll á ný .....	173
Aftur á toppinn .....	174
Kemur á óvart .....	175
Ferðin endalusa .....	176
Bob Dylan á Íslandi .....	178
Áhrif Bob Dylan .....	180

# Óður til Woodys

Hér er ég, þúsund mílur að heiman, og geng eftir vegi sem aðrir menn hafa troðið. Ég horfi á veröldina, fulla af fólki og hlutum, niðursetningum og bændum, prinsum og kóngum.

Heill þér, Woody Guthrie, ég orti óð til þín um þennan gamla, skrítna heim sem heldur áfram göngu sinni. Hann virðist veikur, er svangur, þreyttur og lúinn. Hann virðist í dauðateygjunum, þótt hann sé vart fæddur.

Komdu sæll, Woody Guthrie, ég veit að þú þekkir allt sem ég tala um og svo ótalmargt fleira. Ég syng þér þennan söng en get ekki sungið þér nóg því að þeir eru ekki margir sem hafa áorkað jafn miklu og þú.

Skál fyrir Cisco og Sonny og Leadbelly og öllum þeim góðu mönnum sem áttu samleið með þér. Skál fyrir hjörtum og höndum þeirra manna sem komu með rykinu og eru horfnir með vindinum.

Ég fer aftur á morgun, en gæti allt eins farið í dag, eitthvert áfram veginn, einhvern daginn. Að síðustu langar mig til að segja þér að ég hef einnig átt erfiða ferð.

## **Song to Woody (af plötunni „Bob Dylan“)**

I'm out here a thousand miles from my home,  
Walkin' a road other men have gone down.  
I'm seein' your world of people and things,  
Your paupers and peasants and princes and kings.

Hey, hey Woody Guthrie, I wrote you a song  
'Bout a funny ol' world that's a-comin' along.  
Seems sick an' it's hungry, it's tired an' it's torn,  
It looks like it's a-dyin' an' it's hardly been born.

Hey, Woody Guthrie, but I know that you know  
All the things that I'm a-sayin' an' a-many times more.  
I'm a-singin' you the song, but I can't sing enough,  
'Cause there's not many men that done the things that you've  
done.

Here's to Cisco an' Sonny an' Leadbelly too,  
An' to all the good people that traveled with you.  
Here's to the hearts and the hands of the men  
That come with the dust and are gone with the wind.

I'm a-leavin' tomorrow, but I could leave today,  
Somewhere down the road someday.  
The very last thing that I'd want to do  
Is to say I've been hittin' some hard travelin' too.

# Berst með vindinum

Hve marga vegi verður einn maður að ganga til enda, áður en hann geti kallast karlmaður? Já, og hve mörg höf verður hvít dúfa að sigla, áður en hún sofnar í sandinum? Já, og hversu oft þarf fallbyssukúlan að þjóta, áður en hún verður að eiflífu bönnuð? Svarið, vinur, berst með vindinum. Svarið berst með vindinum.

Hversu oft þarf maður að líta til lofts, áður en hann sér til himins? Já, og hversu mörg eyru þarf manningnum að vaxa, áður en hann heyrir fólkíð gráta? Já, og hversu marga dauðdaga þarf hann til að skilja að allt of margt fólk hefur látist? Svarið, vinur, berst með vindinum. Svarið berst með vindinum.

Hversu mörg ár getur fjall verið til, áður en það skolast til sjávar? Já, og hve mörg ár getur mannkynið verið til, áður en því er leyft að vera frjálst? Já, og hversu oft getur einn maður litið undan og þóst ekkert sjá? Svarið, vinur, berst með vindinum. Svarið berst með vindinum.

## **Blowin' in the Wind**

(af plötunni „The Freewheelin« Bob Dylan“)

How many roads must a man walk down  
Before you call him a man?  
Yes, 'n' how many seas must a white dove sail  
Before she sleeps in the sand?  
Yes, 'n' how many times must the cannon balls fly  
Before they're forever banned?  
The answer, my friend, is blowin' in the wind,  
The answer is blowin' in the wind.

How many times must a man look up  
Before he can see the sky?  
Yes, 'n' how many ears must one man have  
Before he can hear people cry?  
Yes, 'n' how many deaths will it take till he knows  
That too many people have died?  
The answer, my friend, is blowin' in the wind,  
The answer is blowin' in the wind.

How many years can a mountain exist  
Before it's washed to the sea?  
Yes, 'n' how many years can some people exist  
Before they're allowed to be free?  
Yes, 'n' how many times can a man turn his head,  
Pretending he just doesn't see?  
The answer, my friend, is blowin' in the wind,  
The answer is blowin' in the wind.

## Brátt verður steypiregn

Ó, hvar hefurðu verið, bláeygi sonur? Ó, hvar hefurðu verið, kæri ungi sveinn? Ég hef reikað um hlíðar tólf skýhulinna fjalla. Ég hef gengið og skriðið á sex krókóttum þjóðvegum. Ég hef dansað í miðju sjö depurðarskóga. Ég hef staðið frammi fyrir tylft dauðahafa. Ég hef farið tíu þúsund mílur að mynni kirkjugarðs. Brátt verður steypi, verður steypi ... verður steypiregn.

Ó, hvað sástu, bláeygi sonur? Ó, hvað sástu, kæri ungi sveinn? Ég sá nýfætt barn umkringgt villiúlfahjörð. Ég sá demöntum skreyttan þjóðveg þar sem enginn var. Ég sá svarta grein sem blóðið draup af. Ég sá herbergi fullt af mönnum með blóði drifna hamra. Ég sá hvítan stiga þakinn vatni. Ég sá tíu þúsund ræðumenn með afhöggna tungur. Ég sá byssur og beitt sverð í höndum ungra barna. Brátt verður steypi, verður steypi ... verður steypiregn.

Ó, hvað heyrðirðu, bláeygi sonur? Ó, hvað heyrðirðu, kæri ungi sveinn? Ég heyrði þrumugný, sem öskraði í viðvörunarskyni. Ég heyrði brimhljóð í öldu sem gæti drekkt gjörvöllum heiminum. Ég heyrði í hundrað trumbuslögurum með logsára lófa. Ég heyrði tíu þúsundir hvísla en enginn hlustaði. Ég heyrði einn mann svelta en fjöldi fólks hló. Ég heyrði söng skálds sem dó í ræsinu. Ég heyrði í trúði sem grét í trjágöngunum. Brátt verður steypi, verður steypi ... verður steypiregn.



Ó, hvern hittirðu, bláeygi sonur? Ó, hvern hittirðu, kæri ungi sveinn? Ég hitti ungt barn hjá dauðum hesti. Ég hitti hvítan mann á gönguferð með svartan hund. Ég hitti unga konu með brennandi líkama. Ég hitti unga stúlku sem færði mér regnboga. Ég hitti mann sem var lostinn af ást. Ég hitti annan mann sem var sár af hatri. Brátt verður steypi, verður steypi ... verður steypiregn.

Ó, hvað ætlarðu nú að gera, bláeygi sonur? Ó, hvað ætlarðu nú að gera, kæri ungi sveinn? Ég ætla aftur af stað áður en regnið tekur að falla. Ég ætla að ganga lengst inn í myrkur hins dimmasta skógar þar sem fólkið er svo margt og hendur þess tómar, þar sem eiturhöglin menga vatn þess, þar sem heimilin í dalnum og rakt skítugt fangelsið mætast, þar sem andlit böðulsins er ávallt vel hulið, þar sem hungrið er ljótt, þar sem sálirnar eru gleymdar, þar sem svart er eini liturinn, þar sem ekkert er eina talan. Og ég mun segja frá því, hugsa það, tala það og anda því og endurvarpa því frá fjöllunum, svo að allar sálir megi sjá það. Síðan stend ég á hafinu þar til ég fer að sökkva. En ég mun þekkja sönginn minn til hlýtar áður en ég fer að syngja hann. Brátt verður steypi, verður steypi ... verður steypiregn.

**A Hard Rain's A-Gonna Fall**  
**(af plötunni „The Freewheelin« Bob Dylan“ )**

Oh, where have you been, my blue-eyed son?  
Oh, where have you been, my darling young one?  
I've stumbled on the side of twelve misty mountains,  
I've walked and I've crawled on six crooked highways,  
I've stepped in the middle of seven sad forests,  
I've been out in front of a dozen dead oceans,  
I've been ten thousand miles in the mouth of a graveyard,  
And it's a hard, and it's a hard, it's a hard, and it's a hard,  
And it's a hard rain's a-gonna fall.

Oh, what did you see, my blue-eyed son?  
Oh, what did you see, my darling young one?  
I saw a newborn baby with wild wolves all around it  
I saw a highway of diamonds with nobody on it,  
I saw a black branch with blood that kept drippin',  
I saw a room full of men with their hammers a-bleedin',  
I saw a white ladder all covered with water,  
I saw ten thousand talkers whose tongues were all broken,  
I saw guns and sharp swords in the hands of young children,  
And it's a hard, and it's a hard, it's a hard, it's a hard,  
And it's a hard rain's a-gonna fall.

And what did you hear, my blue-eyed son?  
And what did you hear, my darling young one?  
I heard the sound of a thunder, it roared out a warnin',  
Heard the roar of a wave that could drown the whole world,  
Heard one hundred drummers whose hands were a-blazin',  
Heard ten thousand whisperin' and nobody listenin',  
Heard one person starve, I heard many people laughin',  
Heard the song of a poet who died in the gutter,  
Heard the sound of a clown who cried in the alley,  
And it's a hard, and it's a hard, it's a hard, it's a hard,  
And it's a hard rain's a-gonna fall.

Oh, who did you meet, my blue-eyed son?  
Who did you meet, my darling young one?  
I met a young child beside a dead pony,  
I met a white man who walked a black dog,  
I met a young woman whose body was burning,  
I met a young girl, she gave me a rainbow,  
I met one man who was wounded in love,  
I met another man who was wounded with hatred,  
And it's a hard, it's a hard, it's a hard, it's a hard,  
It's a hard rain's a-gonna fall.

Oh, what'll you do now, my blue-eyed son?  
Oh, what'll you do now, my darling young one?  
I'm a-goin' back out 'fore the rain starts a-fallin',  
I'll walk to the depths of the deepest black forest,  
Where the people are many and their hands are all empty,  
Where the pellets of poison are flooding their waters,  
Where the home in the valley meets the damp dirty prison,  
Where the executioner's face is always well hidden,  
Where hunger is ugly, where souls are forgotten,  
Where black is the color, where none is the number,  
And I'll tell it and think it and speak it and breathe it,  
And reflect it from the mountain so all souls can see it,  
Then I'll stand on the ocean until I start sinkin',  
But I'll know my song well before I start singin',  
And it's a hard, it's a hard, it's a hard, it's a hard,  
It's a hard rain's a-gonna fall.

## Stúlka að norðan

Ef þú átt leið um fegurðina fyrir norðan þar sem vindarnir blása við landamærin mundu þá eftir að skila kveðju til einnar sem þar á heima. Hún var eitt sinn mín sanna ást.

Ef þú ferð þar um þegar snjókornin lemjast, þegar árnar frjósa og sumri lýkur gáðu hvort hún er í nógu hlýrri úlpu til að verjast ýlfrandi vindunum.

Gáðu fyrir mig hvort hár hennar er slegið, hvort það bylgist niður yfir brjóstin. Gáðu fyrir mig hvort hár hennar er slegið því þannig man ég hana best.

Ég velti því fyrir mér hvort hún muni nokkuð eftir mér. Oft hef ég beðið þess í myrkri næturinnar og birtu dagsins.

Svo að ef þú átt leið um fegurðina fyrir norðan þar sem vindarnir blása við landamærin mundu eftir að skila kveðju til einnar sem þar á heima. Hún var eitt sinn mín sanna ást.

### **Girl From the North Country** (af plötunni „The Freewheelin’ Bob Dylan“)

Well, if you're travelin' in the north country fair,  
Where the winds hit heavy on the borderline,  
Remember me to one who lives there.  
She once was a true love of mine.

Well, if you go when the snowflakes storm,  
When the rivers freeze and summer ends,  
Please see if she's wearing a coat so warm,  
To keep her from the howlin' winds.

Please see for me if her hair hangs long,  
If it rolls and flows all down her breast.  
Please see for me if her hair hangs long,  
That's the way I remember her best.

I'm a-wonderin' if she remembers me at all.  
Many times I've often prayed  
In the darkness of my night,  
In the brightness of my day.

So if you're travelin' in the north country fair,  
Where the winds hit heavy on the borderline,  
Remember me to one who lives there.  
She once was a true love of mine.

## Hugsaðu þig ekki um, þetta er allt í lagi

Það er til einskis að brjóta heilann um hversvegna, ljúfan, það skiptir heldur engu máli. Og það er til einskis að brjóta heilann um hversvegna, ljúfan, ef þú veist það ekki nú þegar. Þegar haninn þinn galar í dagrenningu líttu þá út um gluggann og sjáðu að ég er farinn. Þín vegna held ég áfram ferð minni. Hugsaðu þig ekki um, þetta er allt í lagi.

Það er til einskis að kveikja á ljósinu þínu, ljúfan, ljósinu sem ég kynntist aldrei. Og það er til einskis að kveikja á ljósinu þínu, ljúfan, ég er skuggamegin við veginn. Samt vildi ég óska að þú gerðir eða segðir eitthvað til að fá mig til að skipta um skoðun og vera kyrr. Við töluðum svo sem ekki mikið saman, svo að hugsaðu þig ekki um, þetta er allt í lagi.

Það er til einskis að kalla nafnið mitt, ljúfan, enda hefur þú aldrei gert það áður. Það er til einskis að kalla nafnið mitt, ljúfan, ég heyri ekki lengur til þín. Á leið minni eftir veginum hugsa ég og grufla - eitt sinn elskaði ég konu, barn að því er mér er sagt. Ég gaf henni hjarta mitt en hún vildi sál mína. En hugsaðu þig ekki um, þetta er allt í lagi.

Ég geng eftir löngum, einmanalegum veginum, ljúfan. Hvert ég stefni get ég ekki sagt. En vertu sæl er of góð kveðja, ljúfan, svo að ég segi bara bless. Ég segi ekki að þú hafir komið illa fram við mig, þú hefðir getað gert betur en mér er alveg sama, þú sóaðir bara dýrmætum tíma mínum. En hugsaðu þig ekki um, þetta er allt í lagi.

**Don't Think Twice, It's all Right**  
(af plötunni „The Freewheelin« Bob Dylan“)

It ain't no use to sit and wonder why, babe  
It don't matter, anyhow  
An' it ain't no use to sit and wonder why, babe  
If you don't know by now  
When your rooster crows at the break of dawn  
Look out your window and I'll be gone  
You're the reason I'm trav'lin' on  
Don't think twice, it's all right

It ain't no use in turnin' on your light, babe  
That light I never knowed  
An' it ain't no use in turnin' on your light, babe  
I'm on the dark side of the road  
Still I wish there was somethin' you would do or say  
To try and make me change my mind and stay  
We never did too much talkin' anyway  
So don't think twice, it's all right

It ain't no use in callin' out my name, gal  
Like you never did before  
It ain't no use in callin' out my name, gal  
I can't hear you any more  
I'm a-thinkin' and a-wond'rin' all the way down the road  
I once loved a woman, a child I'm told  
I give her my heart but she wanted my soul  
But don't think twice, it's all right

I'm walkin' down that long, lonesome road, babe  
Where I'm bound, I can't tell  
But goodbye's too good a word, gal  
So I'll just say fare thee well  
I ain't sayin' you treated me unkind  
You could have done better but I don't mind  
You just kinda wasted my precious time  
But don't think twice, it's all right.

## Einmanalegur dauðdagi Hattie Carroll

William Zanzinger drap vesalings Hattie Carroll með göngustaf sem hann sveiflaði með demantskrýddum baugfingri á fínni samkomu á hóteli í Baltimore. Og lögreglumenn voru kallaðir til og vopnið tekið af honum á leið þeirra með hann í gæsluvarðhald á stöðinni. Og þeir kærðu William Zanzinger fyrir morð að yfirlögðu ráði. En þið sem stundið heimspekilegar hugleiðingar um smánina og gagnrýnið allan ótta, takið klútinn frá andlitinu. Nú er ekki rétti tíminn til að gráta.

William Zanzinger er aðeins 24 ára gamall en á samt tóbaksbúgarð upp á 600 ekrur og vellauðuga foreldra sem sjá honum fyrir öllu og vernda hann og hann hefur góð sambönd í opinberum stjórnámálum Marylands. Hann brást við ódæði sínu með því að yppta öxlum, bölvu, glotta og fýla grön. Eftir örfáar mínútur gekk hann út sem frjáls maður eftir að lausnarfé hafði verið greitt fyrir hann. En þið sem stundið heimspekilegar hugleiðingar um smánina og gagnrýnið allan ótta, takið klútinn frá andlitinu. Nú er ekki rétti tíminn til að gráta.

Hattie Carroll var vinnukona í eldhúsinu. Hún var 51 árs gömul, móðir 10 barna sem tóku af borðinu og fóru út með ruslið. Og hún hafði aldrei svo mikið sem setið við borðsenda og talaði ekki einu sinni við borðþjónustufólkið sem var nýbúið að hreinsa allan mat af borðinu og tæma öskubakkana á allt annari hæð. Hún var drepin í einu vetfangi, slátrað með göngustaf sem þaut í gegnum loftið þvert yfir herbergið, boðinn og búinn til að eyða öllu göfugu. Og hún hafði aldrei gert William Zanzinger eitt eða neitt. En þið sem stundið heimspekilegar hugleiðingar um smánina og gagnrýnið allan



óttu, takið klútinn frá andlitinu. Nú er ekki rétti tíminn til að gráta.

Í hæstvörtum dómssal sló dómurinn hamrinum í púlt sitt til að sýna að allir væru jafnir og dómurinn réttlátur, að ekki væri teygt og togað í strengi lögbókanna, að jafnvel hinir tignu fengju réttláta meðferð, svo fremi verðir laganna hefðu elt þá og náð þeim, - armur laganna ætti sér engin takmörk. Hann starði á manninn sem drap án ástæðu, sem hafði aðeins fengið þessa löngun svo skyndilega, og hann talaði í gegnum skikkjuna svo djúpt og af ákveðni og felldi af myndugleik dóm sinn til framkvæmdar og eftirbreytni: William Zanzinger fékk hálfars dóm. Ó, þið sem stundið heimspekilegar hugleiðingar um smánina og gagnrýnið allan ótta, setjið klútinn fyrir andlitið því nú er rétti tíminn til að gráta.

**The Lonesome Death of Hattie Carroll**  
**(af plötunni „The Times They Are A-Changin’“)**

William Zanzinger killed poor Hattie Carroll  
With a cane that he twirled around his diamond ring finger  
At a Baltimore hotel society gath'rin'.  
And the cops were called in and his weapon took from him  
As they rode him in custody down to the station  
And booked William Zanzinger for first-degree murder.  
But you who philosophize disgrace and criticize all fears,  
Take the rag away from your face.  
Now ain't the time for your tears.

William Zanzinger, who at twenty-four years  
Owns a tobacco farm of six hundred acres  
With rich wealthy parents who provide and protect him  
And high office relations in the politics of Maryland,  
Reacted to his deed with a shrug of his shoulders  
And swear words and sneering, and his tongue it was snarling,  
In a matter of minutes on bail was out walking.  
But you who philosophize disgrace and criticize all fears,  
Take the rag away from your face.  
Now ain't the time for your tears.

Hattie Carroll was a maid of the kitchen.  
She was fifty-one years old and gave birth to ten children  
Who carried the dishes and took out the garbage  
And never sat once at the head of the table  
And didn't even talk to the people at the table  
Who just cleaned up all the food from the table  
And emptied the ashtrays on a whole other level,  
Got killed by a blow, lay slain by a cane  
That sailed through the air and came down through the room,  
Doomed and determined to destroy all the gentle.  
And she never done nothing to William Zanzinger.  
But you who philosophize disgrace and criticize all fears,  
Take the rag away from your face.  
Now ain't the time for your tears.

In the courtroom of honor, the judge pounded his gavel  
To show that all's equal and that the courts are on the level  
And that the strings in the books ain't pulled and persuaded  
And that even the nobles get properly handled  
Once that the cops have chased after and caught 'em  
And that the ladder of law has no top and no bottom,  
Stared at the person who killed for no reason  
Who just happened to be feelin' that way without warnin'.  
And he spoke through his cloak, most deep and distinguished,  
And handed out strongly, for penalty and repentance,  
William Zanzinger with a six-month sentence.  
Oh, but you who philosophize disgrace and criticize all fears,  
Bury the rag deep in your face  
For now's the time for your tears.

# Tímarnir breytast

Safnist saman, gott fólk, hvar sem þið eruð á flakki, og viðurkennið að vötnin umhverfis ykkur hafa vaxið. Sættið ykkur við að brátt verði þið holdvot. Sé ævi ykkar þess virði að bjarga henni, ættuð þið að leggjast til sunds, annars sökkvið þið eins og steinar því að tímarnir breytast.

Komið rithöfundar og gagnrýnendur sem spáið með pennum ykkar. Haldið augunum galopnum, tækifærið gefst ekki aftur. Takið ekki of fljótt til máls, því að hjólið snýst enn og enginn veit á hvers nafni það lendir. Þeir sem tapa núna munu sigra síðar því að tímarnir breytast.

Komið, öldungadeildarmenn, þingmenn, sinnið kallinu. Standið ekki í dyragættinni, fyllið ekki gangana. Sá sem meiðist verður sá sem hindrar. Það er bardagi úti og hann geysar enn. Brátt mun hann hrista glugga ykkar og veggja því að tímarnir breytast.

Komið, mæður og feður alls staðar að. Gagnrýnið ekki það sem þið getið ekki skilið. Synir ykkar og dætur taka ekki lengur við skipunum ykkar. Gamla brautin ykkar eldist hratt. Farið út af nýju brautunum nema þið getið rétt hjálparhönd því að tímarnir breytast.

Komið er að lokum, bölvunin skollin á. Sá sem er hægfara nú verður hraðfara síðar, rétt eins og nútíðin nú verður síðar að fortíð. Reglan er á hröðu undanhaldi og þeir fyrstu nú verða síðastir síðar því að tímarnir breytast.

**The Times They Are A-Changin«  
(af plötunni „The Times They Are A-Changin«“)**

Come gather 'round people  
Wherever you roam  
And admit that the waters  
Around you have grown  
And accept it that soon  
You'll be drenched to the bone.  
If your time to you  
Is worth savin'  
Then you better start swimmin'  
Or you'll sink like a stone  
For the times they are a-changin'.

Come writers and critics  
Who prophesize with your pen  
And keep your eyes wide  
The chance won't come again  
And don't speak too soon  
For the wheel's still in spin  
And there's no tellin' who  
That it's namin'.  
For the loser now  
Will be later to win  
For the times they are a-changin'.

Come senators, congressmen  
Please heed the call  
Don't stand in the doorway  
Don't block up the hall  
For he that gets hurt  
Will be he who has stalled  
There's a battle outside  
And it is ragin'.  
It'll soon shake your windows  
And rattle your walls  
For the times they are a-changin'.

Come mothers and fathers  
Throughout the land  
And don't criticize  
What you can't understand  
Your sons and your daughters  
Are beyond your command  
Your old road is  
Rapidly agin'.  
Please get out of the new one  
If you can't lend your hand  
For the times they are a-changin'.

The line it is drawn  
The curse it is cast  
The slow one now  
Will later be fast  
As the present now  
Will later be past  
The order is  
Rapidly fadin'.  
And the first one now  
Will later be last  
For the times they are a-changin'.

## Stígvél úr spænsku leðri

Ó, nú sigli ég burtu, mín eina sanna ást. Ég sigli burt í fyrramálið. Er eitthvað sem ég get sent þér handan hafsins? Þaðan sem ég lendi?

Nei, það er ekkert sem þú getur sent mér, mín eina sanna ást, það er ekkert sem mig langar til að eiga. Flyttu sjálfan þig aðeins óskemmdan til baka handan einmanalegs hafsins.

Ó, ég hélt að þig kynni að langa í eitthvað fallett, gert af silfri eða gulli, annaðhvort úr fjöllum Madridar eða af strönd Barcelónu.

Ó, ætti ég stjórnur dimmustu náttu og demanta djúpasta sjávar mundi ég gefa þá alla í skiptum fyrir sætan koss þinn, því það er allt sem mig langar til að eiga.

Kanski verð ég lengi í burtu svo að allt sem ég spyr þig um er þetta: Er eitthvað sem ég get sent þér til að minna þig á mig, til að létta þér stundina?

Ó, hvernig geturðu, hvernig geturðu spurt mig aftur? Það færir mér aðeins sorg. Það sama og ég þrái frá þér í dag, þrái ég aftur á morgun.

Ég fékk bréf einn einmanalegan dag. Það kom frá skipinu sem hún sigldi með. Í því segir: Ég veit ekki hvenær ég kem aftur. Það veltur á því hvernig mér líður.

Jæja, ástin mín, ef þú verður að hugsa þannig, veit ég að hugur þinn er á reiki, veit að hjarta þitt er ekki hjá mér, heldur landinu sem þú stefnir til.

Gefðu því gaum, gefðu gaum að vestanvindinum, gefðu gaum að óveðrinu. Og raunar er eitt sem þú gætir sent mér, spænsk stígvél úr spænsku leðri.

**Boots of Spanish Leather**  
(af plötunni „The Times They Are A-Changin’“)

Oh, I'm sailin' away my own true love,  
I'm sailin' away in the morning.  
Is there something I can send you from across the sea,  
From the place that I'll be landing?

No, there's nothin' you can send me, my own true love,  
There's nothin' I wish to be ownin'.  
Just carry yourself back to me unspoiled,  
From across that lonesome ocean.

Oh, but I just thought you might want something fine  
Made of silver or of golden,  
Either from the mountains of Madrid  
Or from the coast of Barcelona.

Oh, but if I had the stars from the darkest night  
And the diamonds from the deepest ocean,  
I'd forsake them all for your sweet kiss,  
For that's all I'm wishin' to be ownin'.

That I might be gone a long time  
And it's only that I'm askin',  
Is there something I can send you to remember me by,  
To make your time more easy passin'.

Oh, how can, how can you ask me again,  
It only brings me sorrow.  
The same thing I want from you today,  
I would want again tomorrow.

I got a letter on a lonesome day,  
It was from her ship a-sailin',  
Saying I don't know when I'll be comin' back again,  
It depends on how I'm a-feelin'.

Well, if you, my love, must think that-a-way,  
I'm sure your mind is roamin'.  
I'm sure your heart is not with me,  
But with the country to where you're goin'.

So take heed, take heed of the western wind,  
Take heed of the stormy weather.  
And yes, there's something you can send back to me,  
Spanish boots of Spanish leather.



## Eirðarlaus kveðja

Ó, allir þessir peningar sem ég sóaði allt mitt líf, hvort sem ég fékk þá með réttu eða röngu. Ég lét þá renna um greipar vina minna til að hnýta saman tímann með handafli. En flöskurnar eru tómar, við höfum tæmt þær allar. Og borðið er fullt og ofhlaðið og á skiltinu á horninu segir að komið sé að lokunartíma. Ég kveð því og held áfram veginn.

Ó, sérhver stúlka sem ég hef snert, ég gerði það ekki til að skaða hana. Og sérhver stúlka sem ég hef sært, ég gerði það ekki af ásettu ráði. En svo að við skiljumst sem vinir og bætum fyrir allt þarftu þinn tíma og verður eftir. Og þar sem fætur mínir hlaupa og beinast brott frá fortíðinni, kveð ég og held áfram brautina.

Ó, sérhver óvinur sem ég stóð frammi fyrir, málstaðurinn var þar áður en við birtumst. Og fyrir sérhvern málstað sem ég barðist fyrir, barðist ég án iðrunar eða skammar. En myrkrið deyr þegar tjöldin eru dregin frá og augu einhverra hljóta að mæta dagrenningunni. Og ef ég sé dagsljósið neyðist ég aðeins til að dvelja lengur, svo að ég kveð um nótt og fer.

Ó, sérhver hugsun sem hefur bundið hnút í huga mér, ég yrði geðveikur ef ekki mætti leysa hann. En það er ekki til að geta staðið nakinn fyrir óvitandi augum. Fyrir mig og vini mína eru sögur mínar sungnar. En tíminn er ekki hár í loftinu. Samt reiðum við okkur á tímann og orðin eru ekki eign neins sérstaks vinar. Og þótt línan sé rofin, eru það engin endalok alls. Ég kveð aðeins þar til við hittumst aftur.

Ó, fölsk klukka reynir að tifa burt tíma minn til að smána mig, rugla og angra. Og skítur slúðursins feykist í andlit mér og rykagnir orðrómsins hylja mig. En sé örin bein og oddurinn hvass, getur hann komist í gegnum rykið, sama hve þykkt það er. Svo að ég tek afstöðu og held áfram að vera ég sjálfur, kveð og læt mér standa á sama.

### **Restless Farewell**

**(af plötunni „The Times They Are A-Changin’“)**

Oh all the money that in my whole life I did spend,  
Be it mine right or wrongfully,  
I let it slip gladly past the hands of my friends  
To tie up the time most forcefully.  
But the bottles are done,  
We've killed each one  
And the table's full and overflowed.  
And the corner sign  
Says it's closing time,  
So I'll bid farewell and be down the road.

Oh ev'ry girl that ever I've touched,  
I did not do it harmfully.  
And ev'ry girl that ever I've hurt,  
I did not do it knowin'ly.  
But to remain as friends and make amends  
You need the time and stay behind.  
And since my feet are now fast  
And point away from the past,  
I'll bid farewell and be down the line.

Oh ev'ry foe that ever I faced,  
The cause was there before we came.  
And ev'ry cause that ever I fought,  
I fought it full without regret or shame.  
But the dark does die  
As the curtain is drawn and somebody's eyes  
Must meet the dawn.  
And if I see the day  
I'd only have to stay,  
So I'll bid farewell in the night and be gone.

Oh, ev'ry thought that's strung a knot in my mind,  
I might go insane if it couldn't be sprung.  
But it's not to stand naked under unknowin' eyes,  
It's for myself and my friends my stories are sung.  
But the time ain't tall,  
Yet on time you depend and no word is possessed  
By no special friend.  
And though the line is cut,  
It ain't quite the end,  
I'll just bid farewell till we meet again.

Oh a false clock tries to tick out my time  
To disgrace, distract, and bother me.  
And the dirt of gossip blows into my face,  
And the dust of rumors covers me.  
But if the arrow is straight  
And the point is slick,  
It can pierce through dust no matter how thick.  
So I'll make my stand  
And remain as I am  
And bid farewell and not give a damn.

## Það er ekki ég, ljúfan

Farðu burt frá glugganum mínum, farðu á þeim hraða sem þú kýst. Ég er ekki sá sem þú vilt, ljúfan, ég er ekki sá sem þú þarft. Þú segist vera að leita að einhverjum sem er aldrei veikur, alltaf sterkur, til að vernda þig og verja hvort sem þú hafir á réttu að standa eða röngu, manni til að opna þér allar dyr. En það er ekki ég, ljúfan. Nei, nei, nei, það er ekki ég, ljúfan. Þú ert ekki að leita að mér, ljúfan.

Gakktu létt frá syllunni, ljúfan, gakktu létt á jörðinni. Ég er ekki sá sem þú vilt, ljúfan, ég mun aðeins bregðast þér. Þú segist vera að leita að einhverjum sem lofi að yfirgefa þig aldrei, manni sem vilji loka augum sínum fyrir þig, manni sem vilji loka hjarta sínu, manni sem vilji deyja fyrir þig og jafnvel meira. En það er ekki ég, ljúfan. Nei, nei, nei, það er ekki ég, ljúfan. Þú ert ekki að leita að mér, ljúfan.

Hverfðu aftur inn í nóttina, ljúfan. Allt hér inni er gert úr steini. Ekkert bæriskt hér inni. Og auk þess er ég ekki einn. Þú segist vera að leita að einhverjum, sem muni reisa þig á fætur í hvert sinn sem þú hrasir, manni sem tíni stöðugt blóm og hlýði hverju þínu kalli. Mann sem sé lífstíðarelskhugi þinn og ekkert annað. En það er ekki ég, ljúfan. Nei, nei, nei, það er ekki ég, ljúfan. Þú ert ekki að leita að mér, ljúfan.

**It Ain't Me Babe**  
(af plötunni „Another Side of Bob Dylan“)

Go 'way from my window,  
Leave at your own chosen speed.  
I'm not the one you want, babe,  
I'm not the one you need.  
You say you're lookin' for someone  
Never weak but always strong,  
To protect you an' defend you  
Whether you are right or wrong,  
Someone to open each and every door,  
But it ain't me, babe,  
No, no, no, it ain't me, babe,  
It ain't me you're lookin' for, babe.

Go lightly from the ledge, babe,  
Go lightly on the ground.  
I'm not the one you want, babe,  
I will only let you down.  
You say you're lookin' for someone  
Who will promise never to part,  
Someone to close his eyes for you,  
Someone to close his heart,  
Someone who will die for you an' more,  
But it ain't me, babe,  
No, no, no, it ain't me, babe,  
It ain't me you're lookin' for, babe.

Go melt back into the night, babe,  
Everything inside is made of stone.  
There's nothing in here moving  
An' anyway I'm not alone.  
You say you're looking for someone  
Who'll pick you up each time you fall,  
To gather flowers constantly  
An' to come each time you call,  
A lover for your life an' nothing more,  
But it ain't me, babe,  
No, no, no, it ain't me, babe,  
It ain't me you're lookin' for, babe.

## Ballaða í D-moll

Ég elskaði eitt sinn stúlku, hörund hennar var sem brons. Með sakleysi lambsins var hún viðkvæm eins og hindarkálfur. Ég biðlaði til hennar stoltur en nú er hún farin, farin eins og árs-tíðin sem hún tók með sér.

Í vorgolu hreif ég hana burt frá móður sinni og systur, þó héldu þær sig nálægt. Allar þjáðust þær vegna mistaka ævi sinnar. Með strengjum sektar sinnar reyndu þær af alefli að leiðbeina okkur.

Ég elskaði hina yngri tveggja systra. Skyn hennar var næmt, hún var sú þeirra sem var skapandi. Þar sem hún var stöðugur blóraböggul var auðvelt að skaða hana með afbrýði annarra í kringum sig.

Fyrir sníkjusystur hennar bar ég enga virðingu. Hún var fjötruð af eigin leiðindum, eigin metnaði til að vernda. Óteljandi sýnir hinnar speglaði hún sem hækju fyrir sínar eigin upptakur og umhverfi.

Ég hef enga afsökun fyrir því sem ég gerði. Breytingarnar sem ég gekk í gegnum er ekki einu sinni hægt að nota til að afsaka lygarnar sem ég bar á borð í þeirri von að missa hana ekki, hana sem hefði getað orðið draumaástmey allrar ævi minnar.

Ómeðvitað hélt ég í hendi mér stórkostlegum gimsteini þótt kjarni hans væri skörðóttur og veitti því ekki athygli að ég var horfinn inn í synd falsks öryggis ástarinnar.

Þannig barst ég frá útlínunum reiðinnar til tilbúins friðar, tómlegra svara, radda sem þögðu þar til að við mér blöstu frá legsteinum skaðans engar spurningar, heldur: Já, en hvað er það, hvað er það sem er í ólagi?

Og þannig gerðist það eins og sjá hefði mátt fyrir, tímalaus sprenging drauma ímyndunaraflsins. Á hátindi næturinnar hrundu bæði kóngur og drottning og leystust upp til agna.

Vesalings stúlkan! hrópaði systir hennar. Láttu hana í friði. Til fjandans með þig, farðu út! Og ég sneri mér að henni í fullum herklæðum og negldi hana fasta við rústir smæðar hennar.

Undir nakinni ljósaperu molnaði gífsið, systir hennar og ég í öskrandi bardaga. Og hún á milli, fórnarlamb óhljóðanna. Brátt niðurbrotin sem barn undir skuggum.

Allt er búið, allt er búið, viðurkenndu það, taktu flugið, stundi ég tvisvar og tvisvar sinnum það. Tárin blinduðu mig. Hugur minn var limlestur, ég hljóp út í nóttina og skildi eftir mig ösku ástarinnar.

Vindurinn lemur glugga minn, herbergið er rakt. Afsökunarorðin hef ég ekki fundið enn. Ég hugsa oft til hennar og vona, að hver sá sem hefur hitt hana geri sér fulla grein fyrir því hve dýrmæt hún er.

Já, en fangelsisfélagar mínir spyrja: Hversu gott, hversu gott finnst þér að vera frjáls? Og ég svara þeim á dulúðugan hátt: Eru fuglarnir frjálsir frá hlekkjum himinsbrauta?

**Ballad in Plain D**  
**(af plötunni „Another Side of Bob Dylan“)**

I once loved a girl, her skin it was bronze.  
With the innocence of a lamb, she was gentle like a fawn.  
I courted her proudly but now she is gone,  
Gone as the season she's taken.

Through young summer's breeze, I stole her away  
From her mother and sister, though close did they stay.  
Each one of them suffering from the failures of their day,  
With strings of guilt they tried hard to guide us.

Of the two sisters, I loved the young.  
With sensitive instincts, she was the creative one.  
The constant scapegoat, she was easily undone  
By the jealousy of others around her.

For her parasite sister, I had no respect,  
Bound by her boredom, her pride to protect.  
Countless visions of the other she'd reflect  
As a crutch for her scenes and her society.

Myself, for what I did, I cannot be excused,  
The changes I was going through can't even be used,  
For the lies that I told her in hopes not to lose  
The could-be dream-lover of my lifetime.

With unknown consciousness, I possessed in my grip  
A magnificent mantelpiece, though its heart being chipped,  
Noticing not that I'd already slipped  
To a sin of love's false security.

From silhouetted anger to manufactured peace,  
Answers of emptiness, voice vacancies,  
Till the tombstones of damage read me no questions but, "Please,  
What's wrong and what's exactly the matter?"



And so it did happen like it could have been foreseen,  
The timeless explosion of fantasy's dream.  
At the peak of the night, the king and the queen  
Tumbled all down into pieces.

"The tragic figure!" her sister did shout,  
"Leave her alone, God damn you, get out!"  
And I in my armor, turning about  
And nailing her to the ruins of her pettiness.

Beneath a bare light bulb the plaster did pound  
Her sister and I in a screaming battleground.  
And she in between, the victim of sound,  
Soon shattered as a child 'neath her shadows.

All is gone, all is gone, admit it, take flight.  
I gagged twice, doubled, tears blinding my sight.  
My mind it was mangled, I ran into the night  
Leaving all of love's ashes behind me.

The wind knocks my window, the room it is wet.  
The words to say I'm sorry, I haven't found yet.  
I think of her often and hope whoever she's met  
Will be fully aware of how precious she is.

Ah, my friends from the prison, they ask unto me,  
"How good, how good does it feel to be free?"  
And I answer them most mysteriously,  
"Are birds free from the chains of the skyway?"

## Neðanjarðarheimþrárljóð

Johnny er í kjallaranum að blanda meðalið. Ég er uppi á gangstétt að hugsa um ríkisstjórnina. Maðurinn í rykfrakka, skjöldurinn út, til sýnis. Segist vera með vont kvef, vill láta múta sér. Gættu þín, drengur, það var eitthvað sem þú gerðir, Guð veit hvenær, en þú ert enn að gera það. Flýðu heldur í skjóli húsasunda og leitaðu nýrra vana. Maðurinn með bjarnar-skinshattinn í stóru stífunni vill fá ellefu dollaraseðla. Þú átt bara tíu.

Maggie kemur snarfætt með andlitið fullt af svörtu sóti, segir að hitinn kveiki plöntur í rúminu. Síminn er hleraður hvort sem er. Maggie segir að margir segi að þau hljóti að blómstra í byrjun maí. Fyrirmæli frá umdæmissaksóknaranum: Gættu þín, drengur, það skiptir ekki máli hvað þú gerðir. Gakktu á tánnum. Reyndu ekki það sem ekki má. Haltu þig burtu frá þeim sem halda á slökkvislöngu. Haltu nefinu hreinu. Sjáðu þessi einföldu klæði. Það þarf engan veðurfræðing til að finna hvaðan vindurinn blæs.

Vertu veikur, vertu hress, hangsaðu við blekbyttu. Hringdu bjöllu, erfitt að segja hvort eitthvað seljist. Reyndu til þrautar, láttu fangelsa þig, komdu aftur, skrifaðu blindraletur, farðu í steininn, stingdu af frá tryggingunni. Farðu í herinn ef þér mistekst. Gættu þín, drengur, þú verður skotinn. En notendur, svindlarar, margfaldir taparar hangsa fyrir utan leikhúsin. Stúlka við hringiðuna leitar sér að nýjum bjána. Fylgdu ekki foringjum. Fylgstu með stöðumælum.

Leyfðu þér að fæðast, vera hlýtt. Fáður þér stuttbuxur, ástar-ævintýri, lærðu að dansa. Klæddu þig, láttu blessa þig, reyndu að slá í gegn. Þóknastu henni, þóknastu honum, keyptu gjafir. Þú skalt ekki stela eða hnupla. Eftir 20 ára skólagöngu setja þeir þig á dagvakt. Gættu þín, drengur, þeir halda því öllu leyndu. Stökktu heldur niður í mannhol, kvektu á kerti. Notaðu ekki sandala, reyndu að forðast hneykslin. Viljirðu ekki verða róni, skaltu heldur tyggja tyggjó. Dælan virkar ekki, því að skemmdarvargarnir tóku handföngin.

**Subterranean Homesick Blues**  
(af plötunni „Bringing It All Back Home“)

Johnny's in the basement  
Mixing up the medicine  
I'm on the pavement  
Thinking about the government  
The man in the trench coat  
Badge out, laid off  
Says he's got a bad cough  
Wants to get it paid off  
Look out kid  
It's somethin' you did  
God knows when  
But you're doin' it again  
You better duck down the alley way  
Lookin' for a new friend  
The man in the coon-skin cap  
In the big pen  
Wants eleven dollar bills  
You only got ten

Maggie comes fleet foot  
Face full of black soot  
Talkin' that the heat put  
Plants in the bed but  
The phone's tapped anyway  
Maggie says that many say  
They must bust in early May  
Orders from the D. A.  
Look out kid  
Don't matter what you did  
Walk on your tip toes  
Don't try "No Doz"  
Better stay away from those  
That carry around a fire hose  
Keep a clean nose  
Watch the plain clothes  
You don't need a weather man  
To know which way the wind blows

Get sick, get well  
Hang around a ink well  
Ring bell, hard to tell  
If anything is goin' to sell  
Try hard, get barred  
Get back, write braille  
Get jailed, jump bail  
Join the army, if you fail  
Look out kid  
You're gonna get hit  
But users, cheaters  
Six-time losers  
Hang around the theaters  
Girl by the whirlpool  
Lookin' for a new fool  
Don't follow leaders  
Watch the parkin' meters

Ah get born, keep warm  
Short pants, romance, learn to dance  
Get dressed, get blessed  
Try to be a success  
Please her, please him, buy gifts  
Don't steal, don't lift  
Twenty years of schoolin'  
And they put you on the day shift  
Look out kid  
They keep it all hid  
Better jump down a manhole  
Light yourself a candle  
Don't wear sandals  
Try to avoid the scandals  
Don't wanna be a bum  
You better chew gum  
The pump don't work  
'Cause the vandals took the handles.

## Hr. tambúrínuleikari

Sæll, hr. tambúrínuleikari, leiktu mér lag. Ég er ekki syfjaður og get ekkert farið. Sæll, hr. tambúrínuleikari, leiktu mér lag. Í myrrakyrrafyrramálið ætla ég að fylgja þér.

Samt veit ég að heimsveldi kvöldsins hefur aftur breyst í sand og horfið milli fingra mér, skilið mig hér eftir standandi í blindni en sofna ekki. Þreytan kemur mér á óvart, fætur mínir eru markaðir. Ég þarf engan að hitta og gamalt, autt strætið er of dautt til að láta sig dreyma þar.

Sæll, hr. tambúrínuleikari, leiktu mér lag. Ég er ekki syfjaður og get ekkert farið. Sæll, hr. tambúrínuleikari, leiktu mér lag. Í myrrakyrrafyrramálið ætla ég að fylgja þér.

Taktu mig með í ferð á iðandi töfraskipinu þínu. Skynfæri mín eru tóm og hendurnar finna ekkert grip. Tærnar eru of dofnar til að dansa og bíða þess eins að stígvélahælarnir gangi áfram. Ég er ferðbúinn hvert sem er, ég er tilbúinn til að hverfa inn í mína eigin skrúðgöngu. Stráðu dansgöldrum þínum yfir mig, ég lofa að gangast undir þá.

Sæll, hr. tambúrínuleikari, leiktu mér lag. Ég er ekki syfjaður og get ekkert farið. Sæll, hr. tambúrínuleikari, leiktu mér lag. Í myrrakyrrafyrramálið ætla ég að fylgja þér.

Þó þú heyrir geðveikislegan hlátur, snúning, sveiflu upp yfir sólina er henni ekki beint að neinum sérstökum. Hún sleppur bara út á flóttanum. Og fyrir utan skýin eru engar hindranir í vegi. Og ef þú heyrir óljós merki um skoppandi fjörugt lag í tambúrínunni þinni er það aðeins tötralegur trúður að baki.

Ég mundi ekki gefa því neinar gætur, það er aðeins skugginn sem þú sérð hann eltast við.

Sæll, hr. tambúrínuleikari, leiktu mér lag. Ég er ekki syfjaður og get ekkert farið. Sæll, hr. tambúrínuleikari, leiktu mér lag. Í myrrakyrrafyrramálið ætla ég að fylgja þér.

Láttu mig síðan hverfa með þér í gegnum reykhringi huga míns, niður þokukennar rústir tímans, langt fram hjá frosnum laufunum, hundelt, óttaslegin trén, út til storma strandarinnar, langt í burtu frá snúnum greipum geðveikrar sorgar. Samt dansa ég undir demantaskýjum og veifa frjállega með annarri hendi, útlínurnar ber við hafið umgirt af sirkussandi með allar minningarnar og örlögin kaffærð djúpt undir öldunum. Leyfðu mér að gleyma deginum í dag til morguns.

Sæll, hr. tambúrínuleikari, leiktu mér lag. Ég er ekki syfjaður og get ekkert farið. Sæll, hr. tambúrínuleikari, leiktu mér lag. Í myrrakyrrafyrramálið ætla ég að fylgja þér.

**Mr. Tambourine Man**  
(af plötunni „Bringing It All Back Home“)

Hey! Mr. Tambourine Man, play a song for me,  
I'm not sleepy and there is no place I'm going to.  
Hey! Mr. Tambourine Man, play a song for me,  
In the jingle jangle morning I'll come followin' you.

Though I know that evenin's empire has returned into sand,  
Vanished from my hand,  
Left me blindly here to stand but still not sleeping.  
My weariness amazes me, I'm branded on my feet,  
I have no one to meet  
And the ancient empty street's too dead for dreaming.

Hey! Mr. Tambourine Man, play a song for me,  
I'm not sleepy and there is no place I'm going to.  
Hey! Mr. Tambourine Man, play a song for me,  
In the jingle jangle morning I'll come followin' you.

Take me on a trip upon your magic swirlin' ship,  
My senses have been stripped, my hands can't feel to grip,  
My toes too numb to step, wait only for my boot heels  
To be wanderin'.

I'm ready to go anywhere, I'm ready for to fade  
Into my own parade, cast your dancing spell my way,  
I promise to go under it.

Hey! Mr. Tambourine Man, play a song for me,  
I'm not sleepy and there is no place I'm going to.  
Hey! Mr. Tambourine Man, play a song for me,  
In the jingle jangle morning I'll come followin' you.

Though you might hear laughin', spinnin', swingin' madly across  
the sun,

It's not aimed at anyone, it's just escapin' on the run  
And but for the sky there are no fences facin'.  
And if you hear vague traces of skippin' reels of rhyme  
To your tambourine in time, it's just a ragged clown behind,  
I wouldn't pay it any mind, it's just a shadow you're  
Seein' that he's chasing.

Hey! Mr. Tambourine Man, play a song for me,  
I'm not sleepy and there is no place I'm going to.  
Hey! Mr. Tambourine Man, play a song for me,  
In the jingle jangle morning I'll come followin' you.

Then take me disappearin' through the smoke rings of my mind,  
Down the foggy ruins of time, far past the frozen leaves,  
The haunted, frightened trees, out to the windy beach,  
Far from the twisted reach of crazy sorrow.  
Yes, to dance beneath the diamond sky with one hand waving  
free,

Silhouetted by the sea, circled by the circus sands,  
With all memory and fate driven deep beneath the waves,  
Let me forget about today until tomorrow.



Hey! Mr. Tambourine Man, play a song for me,  
I'm not sleepy and there is no place I'm going to.  
Hey! Mr. Tambourine Man, play a song for me,  
In the jingle jangle morning I'll come followin' you.

## Því er öllu lokið, ljúfan mædda

Nú verður þú að fara, taktu með þér það sem þú þarfnast og heldur að endist. En því sem þú vilt halda, ættirðu að halda fast. Þarna hinum megin stendur munaðarleysinginn þinn með byssu, öskrar eins og eldur sólar. Passaðu þig, dýrlingarnir eru að komast í gegn og því er öllu lokið, ljúfan mædda.

Like a Rolling Stone | Tombstone Blues | It Takes a Lot to Laugh, It Takes a Train to Cry | From a Buick 6 | Ballad of a Thin Man | Queen Jane Approximately | Highway 61 Revisited | Just Like Tom Thumb's Blues | Desolation Row

### **Blonde on Blonde (maí 1966)**

Rainy Day Women #12 & 35 | Pledging My Time | Visions of Johanna | One of Us Must Know (Sooner or Later) | I Want You | Stuck Inside of Mobile with the Memphis Blues Again | Leopard-Skin Pill-Box Hat | Just Like a Woman | Most Likely You Go Your Way and I'll Go Mine | Temporary Like Achilles | Absolutely Sweet Marie | 4th Time Around | Obviously Five Believers | Sad-Eyed Lady of the Lowlands

### **Bob Dylan's Greatest Hits (mars 1967)**

Rainy Day Women #12 & 35 | Blowin' in the Wind | The Times They Are A-Changin' | It Ain't Me, Babe | Like a Rolling Stone | Mr. Tambourine Man | Subterranean Homesick Blues | I Want You | Positively 4th Street | Just Like a Woman

### **John Wesley Harding (desember 1967)**

John Wesley Harding | As I Went Out One Morning | I Dreamed I Saw St. Augustine | All Along the Watchtower | The Ballad of Frankie Lee and Judas Priest | Drifter's Escape | Dear Landlord | I Am a Lonesome Hobo | I Pity the Poor Immigrant | The Wicked Messenger | Down Along the Cove | I'll Be Your Baby Tonight

### **Nashville Skyline (apríl 1969)**

Girl of the North Country | Nashville Skyline Rag | To Be Alone with You | I Threw It All Away | Peggy Day | Lay, Lady, Lay | One More Night | Tell Me That It Isn't True | Country Pie | Tonight I'll Be Staying Here With You

### **Self Portrait (júní 1970)**

All the Tired Horses | Alberta #1 | I Forgot More Than You'll Ever Know | Days of 49 | Early Mornin' Rain | In Search of Little Sadie | Let It Be Me | Little Sadie | Woogie Boogie | Belle Isle | Living the Blues | Like a Rolling Stone | Copper Kettle | Gotta Travel On | Blue Moon | The Boxer | Quinn the Eskimo (The Mighty Quinn) | Take Me as I Am | Take a Message to Mary | It Hurts Me Too | Minstrel Boy | She Belongs to Me | Wigwam | Alberta #2

### **New Morning (október 1970)**

If Not for You | Day of the Locusts | Time Passes Slowly | Went to See the Gypsy | Winterlude | If Dogs Run Free | New Morning | Sign on the Window | One More Weekend | The Man in Me | Three Angels | Father of Night

### **Bob Dylan's Greatest Hits, Vol. 2 (nóvember 1971)**

Watching the River Flow | Don't Think Twice, It's All Right | Lay, Lady, Lay | Stuck Inside of Mobile with the Memphis Blues Again | I'll Be Your Baby Tonight | All I Really Want to Do | My Back Pages | Maggie's Farm | Tonight I'll Be Staying Here With You | She Belongs to Me | All Along the Watchtower | Quinn the Eskimo (The Mighty Quinn) | Just Like Tom Thumb's Blues | A Hard Rain's A-Gonna Fall | If Not for You | It's All Over Now, Baby Blue | Tomorrow is a Long Time | When I Paint My Masterpiece | I Shall Be Released | You Ain't Goin' Nowhere | Down in the Flood

### **Pat Garrett and Billy the Kid (júlí 1973)**

Billy (Main Title Theme) | Cantina Theme (Workin' for the Law) | Billy 1 | Bunkhouse Theme | River Theme | Turkey Chase | Knockin' on Heaven's Door | Final Theme | Billy 4 | Billy 7

### **Dylan (nóvember 1973)**

Lily of the West | Can't Help Falling in Love | Sarah Jane | Mr. Bojangles | The Ballad of Ira Hayes | Mary Ann | Big Yellow Taxi | A Fool Such as I | Spanish is the Loving Tongue

### **Planet Waves (janúar 1974)**

On a Night Like This | Going, Going, Gone | Tough Mama | Hazel | Something There is About You | Forever Young | Forever Young | Dirge | You Angel You | Never Say Goodbye | Wedding Song

### **Before the Flood (júní 1974)**

Most Likely You Go Your Way and I'll Go Mine | Lay, Lady, Lay  
| Rainy Day Women #12 & 35 | Knockin' on Heaven's Door |  
It Ain't Me, Babe | Ballad of a Thin Man | Up on Cripple Creek  
| I Shall Be Released | Endless Highway | The Night They  
Drove Old Dixie Down | Stage Fright | Don't Think Twice, It's  
All Right | Just Like a Woman | It's Alright, Ma (I'm Only  
Bleeding) | The Shape I'm In | When You Awake | The Weight  
| All Along the Watchtower | Highway 61 Revisited | Like a  
Rolling Stone | Blowin' in the Wind

### **Blood on the Tracks (janúar 1975)**

Tangled Up in Blue | Simple Twist of Fate | You're a Big Girl  
Now | Idiot Wind | You're Gonna Make Me Lonesome When  
You Go | Meet Me in the Morning | Lily, Rosemary and the  
Jack of Hearts | If You See Her, Say Hello | Shelter from the  
Storm | Buckets of Rain

### **The Basement Tapes (júní 1975)**

Odds and Ends | Orange Juice Blues (Blues for Breakfast) |  
Million Dollar Bash | Yazoo Street Scandal | Goin' to Acapulco  
| Katie's Been Gone | Lo and Behold! | Bessie Smith | Clothes  
Line | Apple Suckling Tree | Please, Mrs. Henry | Tears of  
Rage | Too Much of Nothing | Yea! Heavy and a Bottle of  
Bread | Ain't No More Cane | Down in the Flood | Ruben  
Remus | Tiny Montgomery | You Ain't Goin' Nowhere | Don't  
Ya Tell Henry | Nothing was Delivered | Open the Door,  
Homer | Long-Distance Operator | This Wheel's on Fire

### **Desire (janúar 1976)**

Hurricane | Isis | Mozambique | One More Cup of Coffee  
(Valley Below) | Oh, Sister | Joey | Romance in Durango |  
Black Diamond Bay | Sara

### **Hard Rain (september 1976)**

Maggie's Farm | One Too Many Mornings | Stuck Inside of Mobile with the Memphis Blues Again | Oh, Sister | Lay, Lady, Lay | Shelter from the Storm | You're a Big Girl Now | I Threw It All Away | Idiot Wind

### **Street Legal (júní 1978)**

Changing of the Guards | New Pony | No Time to Think | Baby, Stop Crying | Is Your Love in Vain? | Senor (Tales of Yankee Power) | True Love Tends to Forget | We Better Talk This Over | Where Are You Tonight?

### **At Budokan (júlí 1978)**

Mr. Tambourine Man | Shelter from the Storm | Love Minus Zero/No Limit | Ballad of a Thin Man | Don't Think Twice, It's All Right | Maggie's Farm | One More Cup of Coffee (Valley Below) | Like a Rolling Stone | I Shall Be Released | Is Your Love in Vain? | Going, Going, Gone | Blowin' in the Wind | Just Like a Woman | Oh, Sister | Simple Twist of Fate | All Along the Watchtower | I Want You | All I Really Want to Do | Knockin' on Heaven's Door | It's Alright, Ma (I'm Only Bleeding) | Forever Young | The Times They Are A-Changin'

### **Slow Train Coming (ágúst 1979)**

Gotta Serve Somebody | Precious Angel | I Believe in You | Slow Train | Gonna Change My Way of Thinking | Do Right to Me Baby | When You Gonna Wake Up? | Man Gave Names to All the Animals | When He Returns

**Saved (júní 1980)**

A Satisfied Mind | Saved | Covenant Woman | What Can I Do For You? | Solid Rock | Pressing On | In the Garden | Saving Grace | Are You Ready?

**Shot of Love (ágúst 1981)**

Shot of Love | Heart of Mine | Property of Jesus | Lenny Bruce | Watered Down Love | The Groom's Still Waiting at the Altar | Dead Man, Dead Man | In the Summertime | Trouble | Every Grain of Sand

**Infidels (nóvember 1983)**

Jokerman | Sweetheart Like You | Neighborhood Bully | License to Kill | Man of Peace | Union Sundown | I and I | Don't Fall Apart on Me Tonight

**Real Live (desember 1984)**

Highway 61 Revisited | Maggie's Farm | I and I | License to Kill | It Ain't Me, Babe | Tangled Up in Blue | Masters of War | Ballad of a Thin Man | Girl of the North Country | Tombstone Blues

**Empire Burlesque (júní 1985)**

Tight Connection to My Heart (Has Anybody Seen My Love) | Seeing the Real You at Last | I'll Remember You | Clean-Cut Kid | Never Gonna Be the Same Again | Trust Yourself | Emotionally Yours | When the Night Comes Falling from the Sky | Something's Burning, Baby | Dark Eyes

### **Biograph (október 1985)**

Lay, Lady, Lay | Baby, Let Me Follow You Down | If Not for You | I'll Be Your Baby Tonight | I'll Keep It with Mine | The Times They Are A-Changin' | Blowin' in the Wind | Masters of War | The Lonesome Death of Hattie Carroll | Percy's Song | Mixed Up Confusion | Tombstone Blues | The Groom's Still Waiting at the Altar | Most Likely You Go Your Way and I'll Go Mine | Like a Rolling Stone | Lay Down Your Weary Tune | Subterranean Homesick Blues | I Don't Believe You (She Acts Like We Never Have Met) | Visions of Johanna | Every Grain of Sand | Quinn the Eskimo (The Mighty Quinn) | Mr. Tambourine Man | Dear Landlord | It Ain't Me, Babe | You Angel You | Million Dollar Bash | To Ramona | You're a Big Girl Now | Abandoned Love | Tangled Up in Blue | It's All Over Now, Baby Blue | Can You Please Crawl Out Your Window? | Positively 4th Street | Isis | Jet Pilot | Caribbean Wind | Up to Me | Baby, I'm in the Mood for You | I Wanna Be Your Lover | I Want You | Heart of Mine | On a Night Like This | Just Like a Woman | Romance in Durango | Señor (Tales of Yankee Power) | Gotta Serve Somebody | I Believe in You | Time Passes Slowly | I Shall Be Released | Knockin' on Heaven's Door | All Along the Watchtower | Solid Rock | Forever Young

### **Knocked Out Loaded (ágúst 1985)**

You Wanna Ramble | They Killed Him | Driftin' Too Far from Shore | Precious Memories | Maybe Someday | Brownsville Girl | Got My Mind Made Up | Under Your Spell

### **Down in the Groove (maí 1988)**

Let's Stick Together | When Did You Leave Heaven? | Sally Sue Brown | Death is Not the End | Had a Dream About You, Baby | Ugliest Girl in the World | Silvio | Ninety Miles an Hour (Down a Dead End Street) | Shenandoah | Rank Strangers to Me

### **Dylan & the Dead (febrúar 1989)**

Slow Train | I Want You | Gotta Serve Somebody | Queen Jane Approximately | Joey | All Along the Watchtower | Knockin' on Heaven's Door

### **Oh Mercy (september 1989)**

Political World | Where Teardrops Fall | Everything is Broken | Ring Them Bells | Man in the Long Black Coat | Most of the Time | What Good Am I? | Disease of Conceit | What Was It You Wanted? | Shooting Star

### **Under the Red Sky (september 1990)**

Wiggle Wiggle | Under the Red Sky | Unbelievable | Born in Time | T.V. Talkin' Song | 10,000 Men | 2 x 2 | God Knows | Handy Dandy | Cat's in the Well



### **The Bootleg Series Volumes 1-3 (mars 1991)**

Hard Times in New York Town | He Was a Friend of Mine | Man on the Street | No More Auction Block | House Carpenter | Talking Bear Mountain Picnic Massacre Blues | Let Me Die in My Footsteps | Rambling, Gambling Willie | Talkin Hava Negeilah Blues | Quit Your Low Down Ways | Worried Blues | Kingsport Town | Walkin' Down the Line | Walls of Red Wing | Paths of Victory | Talkin' John Birch Paranoid Blues | Who Killed Davey Moore? | Only a Hobo | Moonshiner | When the Ship Comes In | The Times They Are A-Changin' | Last Thoughts on Woody Guthrie | Seven Curses | Eternal Circle | Suze (The Cough Song) | Mama, You Been on My Mind | Farewell Angelina | Subterranean Homesick Blues | If You Gotta Go, Go Now | Sitting on a Barbed-Wire Fence | Like a Rolling Stone | It Takes a Lot to Laugh, It Takes a Train to Cry | I'll Keep It with Mine | She's Your Lover Now | I Shall Be Released | Santa Fe | If Not for You | Wallflower | Nobody 'Cept You | Tangled Up in Blue | Call Letter Blues | Idiot Wind | If You See Her, Say Hello | Golden Loom | Catfish | Seven Days | Ye Shall Be Changed | Every Grain of Sand | You Changed My Life | Need a Woman | Angelina | Someone's Got a Hold of My Heart | Tell Me | Lord Protect My Child | Foot of Pride | Blind Willie McTell | When the Night Comes Falling from the Sky | Series of Dreams

### **Good as I Been to You (október 1992)**

Frankie & Albert | Jim Jones | Blackjack Davey | Canadee-i-o | Sittin' on Top of the World | Little Maggie | Hard Times | Step It Up And Go | Tomorrow Night | Arthur McBride | You're Gonna Quit Me | Diamond Joe | Froggie Went a Courtin'

### **The 30th Anniversary Concert Celebration (1992)**

Like a Rolling Stone | Leopard-Skin Pill-Box Hat | Introduction by Kris Kristofferson | Blowin' in the Wind | Foot of Pride | Masters of War | The Times They Are A-Changin' | It Ain't Me, Babe | What Was It You Wanted? | I'll Be Your Baby Tonight | Highway 61 Revisited | Seven Days | Just Like a Woman | When the Ship Comes In | You Ain't Goin' Nowhere | Just Like Tom Thumb's Blues | All Along the Watchtower | I Shall Be Released | Don't Think Twice, It's All Right | Emotionally Yours | When I Paint My Masterpiece | Absolutely Sweet Marie | License to Kill | Rainy Day Women #12 & 35 | Mr. Tambourine Man | It's Alright, Ma (I'm Only Bleeding) | My Back Pages | Knockin' on Heaven's Door | Girl of the North Country

### **World Gone Wrong (október 1993)**

World Gone Wrong | Love Henry | Ragged & Dirty | Blood in My Eyes | Broke Down Engine | Delia | Stack A Lee | Two Soldiers | Jack-A-Roe | Lone Pilgrim

### **Bob Dylan's Greatest Hits, Vol. 3 (1994)**

Tangled Up in Blue | Changing of the Guards | The Groom's Still Waiting at the Altar | Hurricane | Forever Young | Joker-man | Dignity | Silvio | Ring Them Bells | Gotta Serve Somebody | Series of Dreams | Brownsville Girl | Under the Red Sky | Knockin' on Heaven's Door

### **MTV Unplugged (apríl 1995)**

Tombstone Blues | Shooting Star | All Along the Watchtower | The Times They Are A-Changin' | John Brown | Rainy Day Women #12 & 35 | Desolation Row | Dignity | Knockin' on Heaven's Door | Like a Rolling Stone | With God on Our Side

**Time Out Of Mind (september 1997)**

Love Sick | Dirt Road Blues | Standing In The Doorway |  
Million Miles | Tryin' To Get To Heaven | Til I Fell In Love With  
You | Not Dark Yet | Cold Irons Bound | Make You Feel My  
Love | Can't Wait | Highlands

# „Það þarf ekki veðurfræðing til að segja okkur hvaðan vindurinn blæs.“ Æviágrip Bobs Dylan

Bob Dylan er af rússneskum Gyðingaættum og hans rétta nafn er Robert Allen Zimmerman. Hann fæddist 24. maí 1941 í bænum Duluth í Minnesota í Bandaríkjunum. Faðir hans vann hjá Standard Oil Company (Esso) og fjölskyldan var frekar efnalítill. Þriggja ára gamall söng Bob inn á diktafón á skrifstofu föður síns en sú upptaka hefur ekki verið gerð opinber. Raunar var hann strax í æsku vinsæll á skrifstofu föður síns þar sem hann elskaði að syngja fyrir vinnufélaga hans. Í afmælum og á hátíðum krafðist hann oft athygli og heimtaði að fá að syngja fyrir alla sem heyrt gátu. Þegar Bob var 6 ára fluttist fjölskyldan til smáborgarinnar Hibbing í sama fylki. Þar átti Bob venjulega æsku í faðmi fjölskyldunnar. Um 10 ára gamall orti hann sín fyrstu ljóð og lærði á píanó. Við gyðinglega fullorðinsvígslu sína 13 ára gamall kom hann fram fyrir 400 gesti fjölskyldunnar og söng. Hann elskaði strax á þessum árum að koma fram og draga að sér athygli og vekja aðdáun. 14 ára uppgötvaði hann gítarinn og náði tókum á honum með harla brotakenndu sjálfsnámi.

Tónlistaráhuginn snerist fljótt í átt til rokkstjarnanna sem þá skinu skærast, Elvis Presley, Jerry Lee Lewis og Little Richard svo að einhverjir séu nefndir. Í árbók menntaskólans skrifaði hann til dæmis árið 1959 að hann vildi „gerast liðsmaður í hljómsveit Little Richards“. Hann stofnaði sínar eigin unglingahljómsveitir á þessum árum, til dæmis Golden Chords (þar lék hann á ryþmagítar) 14 ára og Elston Gunn and his Rock Boppers. Vorið 1958 tók hann átt í hæfileikakeppni í

menntaskólanum með hljómsveit sinni og vakti geysimikla athygli fyrir það hve hann lék hátt og af miklum krafti. Skólastjórinn kom meira að segja og lækkaði í magnaranum, svo ærandi var hávaðinn. Til munu vera segulbandsupptökur af unglingshljómsveitunum en þær hafa ekki verið leiknar opinberlega. Hins vegar muna margir að þessar hljómsveitir virtust leitast við að ganga fram af áheyrendum sínum og oftast en ekki vöktu þær andúð og harða dóma, einkum þeirra sem eldri voru.

Hann var farinn að semja sín eigin lög en flestum gleymdi hann strax og hann var búinn að leika þau 10-20 sinnum, þau voru búin að gegna sínu hlutverki - þróa hann sjálfan áfram í tónlistinni og veita tilfinningum hans útrás. Ein fyrsta ástin hans var Echo Helstrom. Hún sagði eftirfarandi sögu um hvernig þau leystu deilur sínar, sögu sem sýnir hvernig tónlistin var Bob Dylan í rauninni allt, eina tjáningin sem hann hafði full tök á. Þau höfðu rifist heiftarlega frammi fyrir foreldrum hennar og töluðust ekki við í nokkra daga. En svo var barið að dyrum.

Ég opnaði dyrnar og þarna stóð Bob, klæddur einu af þessum fjárhættuspilaravestum sem hann var alltaf í, lamdi gítarinn og söng: „Do you want to dance and hold my hand?“ - lag með Bobby Freeman sem þá var vinsæll. Þarna stóð hann í gættinni og söng allt lagið, síðan ýtti hann mér á undan sér inn í setustofu og söng lagið aftur fyrir foreldra mína. Og hann gat ekki hætt, hann æddi um allt húsið og söng þetta sama lag þangað til við vorum öll farin að skellihlæja og vorum búin að gleyma öllu sem við höfðum rifist um.

Bob úskrifaðist úr framhaldsskóla vorið 1959. Um sumarið lék hann nokkrum sinnum á píanó með hljómsveit Bobby Vee

sem þá var að hefja frægðarferil sinn. Bobby lét hann þó róa, því að Bob átti ekki píanó og Bobby Vee hafði ekki efni á að kaupa slíkan grip fyrir hljómsveitina.

Sama haust hélt Bob Dylan til stórborgarinnar Minneapolis og innritaðist í háskólann þar. Þar var hann aðeins í eitt ár, því að tónlistin tók hug hans allan. Í Minneapolis kynntist hann ekki aðeins rokkinu betur, heldur sökkti hann sér í rætur þess, sveitasöngva og eldra rokk. Hann hreifst meðal annars af listamönnum á borð við Hank Williams og Woody Guthrie. Hann fór að koma fram einn á næturklúbbum, þar sem hann lék á gítar og munnhörpu og söng.

Strax á þessum tíma fór hann að þróa með sér hina frægu nefkveðnu söngródd sína sem síðan átti eftir að verða aðalsmerki hans, ásamt Okie-mállýskunni sem hann tók upp. Hann tók upp nafnið Bob Dylan, hugsanlega til heiðurs velska ljóðskáldinu Dylan Thomas, þótt hann neiti öllum hugleiðingum um það. Raunar er önnur kenning sú að hann hafi fyrst tekið það upp eftir lögregluforingjanum Matt Dillon úr Gun-smoke-þáttunum en breytt rithættinum síðar, bæði af því honum fannst nafnið líta betur út þannig og líka af því að honum fannst ekki verra að tengjast velsku ljóðskáldi í hugum einhverra.

Þetta ár var mikið þroska- og þróunarár í lífi og list Bob Dylans en einnig ár margháttaðra tilrauna. Lögin sem hann söng voru af ýmsu tagi, sveitasöngvar, blues, rokk, dægurflugur, negrasálmur, hillbillies og í rauninni allt sem vakti honum hrifningu. Til eru tvær segulbandsupptökur með honum frá þessum tíma, önnur afar illa hljóðsett en hin skárri, sennilega tekin upp heima hjá einhverjum vini hans. Þar má finna vísi að því sem koma skyldi, grófa söng- og tóntækni og mjög sérstakan tónlistarmetnað, byggðan á textainnlifun frekar en fögurum söng, tilfinningarunginni rödd frekar en hreinum tónum.

## Í faðm vísnaðngvara

Síðla árs 1960 hélt Bob Dylan áleiðis til New York með viðkomu í Chicago og Madison í Wisconsin. Hann setti sér tvennt: að hitta Woody Guthrie sem lá á banabeði af sjaldgæfum taugasjúkdómi, Huntingtonsveiki, - og að vinna sér sess í tónlistarklúbbi vísnaðngvara í Greenwich Village. Hvort tveggja tókst. Á sjúkrahúsinu söng hann fyrir Woody söngva hans sjálfs fyrir hann einan og í Greenwich Village fór hann mjög fljótlega að koma fram í klúbbum og kaffihúsum. Hann umgekkst enga aðra en reynda tónlistarmenn en eitt af því sem hann kom þeim á óvart með, var hæfileiki hans til að læra heil lög með því að heyra þau aðeins einu sinni. Um þetta leyti fór hann einnig að semja og flytja sín eigin lög, þar á meðal lagið til heiðurs átrúnaðargoði sínu, „Song to Woody“.

Í júní 1961 lék Bob Dylan á munnhörpu við upptökur Harry Belafontes á hljómplötunni „Midnight Special“ og var að í fyrsta sinn sem hann vann við plötugerð sem atvinnu-hljómlistarmaður.

Haustið 1961 fóru sögurnar af þessum knáa söngvara að breiðast út meðal aðdáenda vísnaðngs en það sem gerði hann frægan var þó fyrst og fremst listdómur Roberts Sheldon í New York Times sem sá hann koma fram í Gerde's Folk City og átti varla orð til að lýsa snilli hans. Mánuði síðar hafði hann undirritað plötusamning við John Hammond (sem aldrei hafði heyrt hann syngja, hafði aðeins séð hann á sviði leika á munnhörpu!) hjá Columbia Records og á tveimur dögum í nóvember tók hann upp sína fyrstu hljómplötu. Hún kom svo út snemma árs 1962 og hét einfaldlega Bob Dylan. Á henni voru aðallega hefðbundin vísnaðng og blúslög eftir aðra lagahöfunda, en þó voru þar tvö lög eftir hann sjálfan. Annað þeirra var hið fræga „See That My Grave Is Kept Clean“ (Hreinsaðu

leiðið mitt), hitt heitir „Talking New York“. Bob Dylan er eini söngvarinn og eini hljóðfæraleikarinn á plötunni, leikur bæði á gítar og munnhörpu.

Paul Williams tónlistarrýnir og rithöfundur hefur sagt að það sé ekki auðvelt að skilja hvers vegna Bob Dylan varð svo þekktur sem raun bar vitni á svo skömmum tíma. Hann hallast þó að því að að hafi hvorki verið söngur hans, tónlistarflutningur né eigin lög, heldur fyrst og fremst sviðsframkoman. Hann tamdi sér mjög sérstaka framkomu, staulaðist um sviðið í hálfgerðum Chaplin-stíl, sagði brandara á milli laga, var grófgerður og eilítið aulalegur, sjálfsöruggur og afslappaður, kumpánlegur, tók sjálfan sig ekki alvarlega, var alþýðlegur og um leið dularfullur og mjög persónulegur og sérstakur. Á einum útvarpstónleikunum voru til dæmis langar þagnir á milli laga á meðan Bob Dylan var að reyna að laga hálsbandið á munnhörpunni sinni með vasahníf sem hann fékk lánaðan í salnum. Fólkið í salnum veinar af hlátri. Dylan lítur upp úr bjástri sínu og muldrar á sinn eina, sanna hátt: „Heyriði mig, ég er enginn grínleikari.“

Og kynnirinn talar í útvarpið: „Ég vildi að þetta væri sjónvarp!“ Þessi áhorfendahópur var frekar stífur og fjarlægur í upphafi en hvernig ætli hann hafi verið í lokin? Skyldi hálsólin hafa bilað af tilviljun?

## Slegið í gegn

Fyrsta platan var efnileg, en sú næsta var algjört meistara- verk. „The Freewheelin’ Bob Dylan“ hét hún og kom út árið 1963. Á henni voru meðal annars tveir af frægustu vísna- söngvum 7. áratugarins, „Blowin’ in the Wind“ og „A Hard Rain’s A-Gonna Fall“. Hið síðara vísar til óttans við kjarn- orkuna sem á þessum tíma Kúbudeilunnar átti hug margra um allan heim, meðal annars Bobs Dylan. Þarna voru einnig ball-



öðurnar óviðjafnanlegu, „Girl From the North Country“ og „Don't Think Twice, It's All Right“. Bob Dylan var búinn að skipa sér í fremstu röð bandarískra dægurlagasögvara, hann var ekki lengur nemandi, heldur orðinn einn af þeim stærstu. Eftir þessa plötu tóku við margir tónleikar og ferðalög, blaða-viðtöl og umfjöllun í fjölmiðlum en opinber flutningur hafði legið nokkuð í láginni misserin á undan. Á þessu sama ári gerði sönghópurinn Peter, Paul og Mary einnig lag hans „Blowin' in the Wind“ frægt og komst í 2. sæti bandaríska vinsældalistans með það.

Einir frægustu tónleikarnir sem Bob Dylan tók þátt í og sennilega þeir þýðingarmestu fyrir hann voru Newport Vísna-hátíðin 1963. Bob Dylan söng einn fyrsta kvöldið en allt í einu var hann orðinn aðalmaður hátíðarinnar. Aðrir söngvarar sungu lög hans - frægir listamenn eins og Joan Baez, Peter, Paul og Mary, Pete Seeger, Bikel og The Freedom Singers. Hann var kallaður upp af mannfjöldanum til að syngja með þeim og í lokin tókust þau öll í hendur á sviðinu - með Bob Dylan sem miðpunkt alls - og sungu „We Shall Overcome“

Á Newport hátíðinni voru þau Bob og Suze Rotolo enn saman en samband þeirra hafði staðið í mörg ár. En þau skildu ekki löngu síðar. Skömmu eftir skilnaðinn við Suze hófst ástar-samband hans og hinnar dáðu sönggyðju Joan Baez sem hann hitti fyrst á Newport-hátíðinni. Samband þeirra gagnaðist þeim báðum á tónlistarsviðinu, meðal annars söng hún mörg af lögum Bobs og hann kom fram á tónleikum hennar.

Næsta plata Bobs Dylan hét „The Times They Are A-Changin'“. Þar voru lög af ýmsu tagi, mótmælasöngvarnir „The Lonesome Death of Hattie Carroll“ og tittillagið, ástar-söngurinn „Boots of Spanish Leather“ og loks lag sem almennt er litið á sem kveðjusöng til vísnahefðarinnar sem hann hafði sjálfur endurlífgað svo eftirminnilega, „Restless Farewell“.

Í október 1963 hélt Bob Dylan tónleika í Carnegie Hall sem teknir voru upp og til stóð að gefa út á plötu sem meira að segja var búin að fá sitt nafn, Bob Dylan in Concert. En platan kom aldrei út. Bob Dylan hafði þegar sagt skilið við þá tónlist sem hann flutti þarna og hafði engan áhuga á henni lengur.

Enn sterkara uppgjör við vísnahefðina er lokalagið á næstu plötu. Sú plata hét „Another Side of Bob Dylan“ og lokalag þess er „It Ain't Me Babe“. Þetta var innhverfasta plata hans til þessa og óbundnust baráttu eða viðfangsefnum dagsins. Beinskeyttasti söngurinn á henni var þó „Ballad in Plain D“, eins konar einhliða og grimmdarlegt uppgjör hans við Suze Rotolo. Tuttugu árum síðar sagðist Bob Dylan sjá eftir þessu eina lagi, að hefði aldrei átt að birtast á plötu. Ef til vill var ekkert undarlegt við það að hér yrðu gerð mistök. Platan var tekin upp á einu kvöldi í hljóðveri með upptökumanni, nokkrum víNFLöskum og litlum hópi góðra vina sem biðu.

## Sungið með hljómsveitum

Á sama tíma iðaði Bob Dylan í skinninu að þróast í auknum mæli í átt til hljómsveitartónlistar, líkt og margir aðrir vísna-söngvarar. Snemma árs árið 1965 tók hann upp plötuna „Bringing It All Back Home“ með samblandi raftónlistar og hljómsveitartónlistar enda var hún tekin upp með aðstoð níu manna hljómsveitar. Á þessari plötu voru grípandi lög eins og „Subterranean Homesick Blues“, „Mr. Tambourine Man“ og „It's All Over Now, Baby Blue“. Viku eftir útkomu plötunnar kom rafútgáfa lagsins „Mr. Tambourine Man“ út með hljómsveitinni Byrds og náði gífurlegum vinsældum. Hugtakið „vísna-rokk“ eða „folk rock“ var orðið til í heimi dægurtónlistarinnar.

Á þessari plötu voru margar setningar sem urðu eins og einkunnarorð eða málshættir ungs fólks í Bandaríkjunum á þessum tíma. Hér eru nokkur dæmi:

- Fylgið ekki foringjum.
- Sá sem er ekki upptekinn við að fæðast, er upptekinn við að deyja.
- Spyrjið mig einskis um ekkert; ég gæti hitt á að segja ykkur sannleikann.
- Ég ætla ekki framar að vinna á búgarði Maggjar.
- Ég reyni mitt besta til að vera eins og ég er en allir vilja að við séum eins og þeir.
- Það þarf ekki veðurfræðing til að segja okkur hvaðan vindurinn blæs.
- Jafnvel forseti Bandaríkjanna þarf stundum að vera nakinn.
- Peningar tala ekki, þeir bölvu.
- Á meðan heldur lífið áfram allt í kringum okkur.
- Ég sagði: „Þú manst að þeir höfnuðu Jesú líka.“ Hann sagði: „Þú ert ekki Hann.“
- Hún er listamaður, hún lítur ekki um öxl.

Sambandið við Joan Baez kulnaði fljótt og hann eignaðist nýja vinkonu, Söru Lowndes, og giftist henni 22. nóvember 1965. Í millitíðinni gaf hann út plötuna „Highway 61 Revisited“ með hinu frábæra og vinsæla lagi „Like a Rolling Stone“.

Næsta plata var síðan tvöföld plata, „Blonde on Blonde“ sem tekin var upp í Nashville snemma árs 1966 með hljómsveitinni Hawks. Fræg eru af þeirri plötu hinu ólíku lög „Rainy Day Women #12 & 35“, „Stuck Inside of Mobile With the Memphis Blues Again“ og ballöðurnar „Visions of Johanna“ and „Sad Eyed Lady of the Lowlands“.

## Endurmat eftir slys

Bob Dylan var aðeins 25 ára gamall þegar hér var komið sögu en velgengnin hafði nærri bugað hann. Tónleikar oft í viku, eilíf ferðalög um allan heim, stanslaus keyrsla. Eiturlyf og ólífnaður dró úr honum mátt og skaðaði sjálfsálit hans og öryggi. Hann lenti svo í alvarlegu umferðarslysi 29. júlí 1966 og það gaf honum tækifæri til endumats og til að hafa hægt um sig næstu mánuðina með Söru konu sinni, dóttur hennar úr fyrra hjónabandi og Jesse elsta syni eirra. - Þau áttu eftir að eignast tvö börn í viðbót en hið yngra þeirra er Jakob Dylan, nú foringi vinsællar hljómsveitar - The Wallflowers. Bob Dylan hætti eiturlyfjaneyslunni en hélt ó áfram að nota áfengi sem hann hafði lítið snert á á meðan á eiturlyfjatímabilinu stóð. Tónlistin gat nú komið til hans aftur, gleðin og unaðurinn af að semja og flytja tónlist - í stað kapphlaupsins við frægð og frama.

Nokkrum mánuðum eftir slysið kom hljómsveitin Hawks til hans heima í Woodstock og þeir tóku upp ýmis sveitasöngskennd lög sem ekki komu þó út fyrr en átta árum síðar á plötunni „The Basement Tapes“. Næsta platan hans varð þess í stað „John Wesley Harding“, best selda platan hans fram að því, kom út 1968. Hann hætti öllu tónleikahaldi, kom örfáum sinnum fram á stærri tónleikum en hélt enga eigin tónleika allt fram til ársins 1974.

Bob Dylan hafði nú á margan hátt gefið sig vinsældatónlistinni á vald, og margir söknuðu þeirrar ljóðrænu snilli sem einkennt hafði fyrri plötur hans. Gagnrýnendur tóku afar illa tveimur næstu plötum hans. Sú fyrri var „Nashville Skyline“, sveitasöngsplata frá 1968 með að minnsta kosti tveimur lögum sem urðu þó mjög vinsæl, „I Threw It All Away“ og „Lay Lady Lay“. Síðari platan var tvöföld og kom út 1970. Hún hét „Self Portrait“.

Næsta plata kom fjórum mánuðum síðar, „New Morning“, og henni var tekið mun betur, en þó var hún langt frá því besta sem Bob Dylan hafði gert. Vinsældirnar vildu ekki koma aftur. Hann lifði aðeins á fornri frægð. Það kom berlega í ljós á Bangladesh-hljómleikunum 1971 sem George Harrison skipulagði - þar flutti Bob Dylan ekki eitt einasta lag yngra en frá 1966.

Á þessum tíma hafði Bob Dylan einnig skrifað bók. Hann byrjaði á henni árið 1963 og hafð lokið henni tveimur árum síðar. Þetta var eins konar röð prósaljóða og heiti hennar var Tarantula. Hann hætti þó við útgáfuna en eftir að hún var komin í umferð sem sjóræningjaútgáfa ákvað hann að leyfa útgáfuna svo að bókin kom loks út árið 1971. Hún varð aldrei vinsæl og seldist illa.

## Vinsæll á ný

Um þetta leyti bauð hinn frægi vestralkstjóri Sam Peckinpah Bob Dylan að leika í nýrri kvikmynd sinni, Pat Garrett and Billy the Kid, og semja tónlistina í hana. Bob lék arna meðal annars á móti vini sínum Kris Kristofferson. Myndin varð í stuttu máli sagt hálgert klúður, leikur Bob Dylans lítt sannfærandi og leikstjórinn rekinn. En platan með tónlist myndarinnar gerði stormandi lukku og lag Bobs, „Knockin’ on Heaven’s Door“, komst á Topp 20-vinsældalistann og var gífurlega mikið leikið.

Bob Dylan hafði ekki farið í hljómleikaferð um Bandaríkin allt frá vélhjólaslysinu 1966. Sumarið og haustið 1973 fóru hann og The Band (áður The Hawks) að æfa ný lög og undirbúa hljómleikaför. Í nóvember gáfu þeir út plötuna „Planet Waves“, og áður en þrjú mánuðir voru liðnir af hljómleikaförinni sem hófst í janúar 1974 var þessi plata komin í efsta sæti vinsældalistans, sú fyrsta með Bob Dylan sem náði slíkum vinsældum. Hljómleikaförin varð síðan mikil sigurganga og naut

fáheyrðra vinsælda. Á 43 dögum í janúar og febrúar 1974 hélt Bob Dylan og hljómsveitin The Band 40 hljómleika í 21 borg í Bandaríkjunum og Kanada. Áður en ferðinni lauk kom út önnur plata, tvöfalt albúm, „Before the Flood“, og hún varð næstum eins vinsæl og hin fyrri.

Dæmigerðir tónleikar þessarar ferðar litu þannig út:

1. Bob og Band: „Most Likely You Go Your Way“, „Lay Lady Lay“, „Just Like Tom Thumb’s Blues“, „Rainy Day Women“, „It Ain’t Me Babe“, „Ballad of a Thin Man“.
2. Sex lög með The Band einni.
3. Bob og Band: „All Along the Watchtower“, „Ballad of Hollis Brown“, „Knocking on Heaven’s Door“.
4. Bob einn eftir 15 mínútna hlé: „The Times They Are A-Changin’“, „Don’t Think Twice, It’s All Right“, „Gates of Eden“, „Just Like a Woman“, „It’s Alright, Ma“.
5. Fjögur lög með The Band einni.
6. Bob og Band: „Forever Young“, „Something There Is About You“ eða „Highway 61 Revisited“, „Like a Rolling Stone“ og lokalögin „Most Likely You Go Your Way“ og stundum „Blowin’ in the Wind“.

## Aftur á toppinn

Hljómleikaförin 1974 virtist endurvekja sköpunarkraft og andagift Bobs Dylan. En einkalíf hans var í rúst. Sara fór frá honum og Bob fylltist angist og kvöl. Innblásinn af þessum djúpu tilfinningum gaf hann út plötuna „Blood on the Tracks“ sem sýndi ekki aðeins að sú snilli sem Bob hafði sýnt á sjöunda áratugnum væri enn fyrir hendi heldur náði hann nýjum hæðum sem hann hafði aldrei afrekað fyrr. Frægustu lögin á þessari plötu voru lögin „Tangled Up in Blue“, „Idiot Wind“ og

„Shelter From the Storm“. Þessi plata varð önnur plata Bob Dylans til að ná efsta sæti vinsældalistans.

Síðar þetta sama ár, 1974, kom út platan „The Basement Tapes“ sem hafði verið tekin upp átta árum áður og hlaut miklar vinsældir. Ný hljómleikaferð hófst um sumarið eftir nokkurra mánaða listmálaránám Bobs hjá gömlum málara, Norman Raeben. Nýja ferðin var kölluð „Rolling Thunder Revue“ en í henni tóku þátt ýmsir aðrir þekktir listamenn eins og Joan Baez, Roger McGuinn, T-Bone Burnett, Sam Shepard og fiðluleikarinn Scarlet Rivera en hún var um þessar mundir í miklu uppáhaldi hjá honum. Þegar ferðin var hálfnuð gaf Bob Dylan út sína þriðju plötu sem náði 1. sæti vinsældalistans, plötuna „Desire“ þar sem Eric Clapton lék undir meðal annarra. Meðal laga á henni voru fræg lög eins og „Hurricane“, „Black Diamond Bay“ og „Sara“, harmrungið ástarljóð til konunnar sem hafði yfirgefið hann. Söngurinn bræddi þó ekki hjarta hennar og þau skildu endanlega árið eftir, 1975. Vorið 1975 flakkaði Bob Dylan rótlaus og örvæntingarfullur um Suður-Frakkland með vini sínum, franska málaranum David Oppenheim, og lifði hátt, óð í kvenfólki, áfengi og góðum mat.

Eftir skilnaðinn eyddi Bob talsverðum tíma í kvikmyndina „Renaldo & Clara“ sem var meira en 3 klst. löng mynd með mikilli tónlist, en sló þó engan veginn í gegn. Bob varð vonsvikinn, jafnvel bitur og óöruggur. Hann óttaðist líka að endurtaka mistök fortíðarinnar og fór sér því hægt í hljómleikahaldi.

## Kemur á óvart

Næsta plata Bob Dylans, „Street Legal“, lofaði ekki góðu og fékk slæma dóma. Bob Dylan var nú orðinn 37 ára gamall og virtist búinn að vera. En hann átti eftir að koma á óvart. Hann gaf nú út trúarlega plötu, „Slow Train Coming“ sem sló í gegn þrátt fyrir frekar lélega dóma. Hún náði 3. sætinu á vinsælda-

listanum, lag af henni varð geysivinsælt - „Gotta Serve Somebody“ - og Bob Dylan fékk sín fyrstu Grammy-verðlaun fyrir hana.

Hljómleikaferðin sem fylgdi gekk mjög vel, en patan „Saved“ komst ekki á Topp 20. Næsta plata gaf þó ákveðin fyrirheit. Hún hét „Shot of Love“. Ballaðan „Every Grain of Sand“ bar nýjan heimspekilegan boðskap en þarna voru líka sviplítillög sem hefðu passað vel á gömlu plötuna „Highway 61 Revisited“.

Nú tók við löng ögn í lífi Bobs. Hann fór hvorki í hljómleikaferðir né söng inn á plötu í 3 ár. Hvað hann gerði allan þennan tíma er á huldu en vafalaust hefur hann hugsað mikið og þurft að gera margt upp við sig. Ef til vill var hann hættur. En eins og svo oft áður var það ekki hann sjálfur sem réði heldur tónlistin.

Platan „Infidels“ sem kom út 1983, unnin í samstarfi við Mark Knopfler úr Dire Strait, var afar vönduð hvað varðar allan flutning. Þar voru einnig afbragðs góð lög eins og „Jokerman“ og „Don’t Fall Apart on Me Tonight“. Næsta plata, „Empire Burlesque“, var næstum eins góð með soul-laginu „Tight Connection to My Heart“ og ballöðunni „Dark Eyes“.

Enn voru þó engar hljómleikaferðir á dagskrá, aðeins þátttaka í stærri hljómleikum með öðrum listamönnum, myndbandsupptökur og fleira þess háttar. Árið 1985 kom hann til dæmis fram á Live Aid-tónleikum með Keith Richards og Ron Wood. Sama ár kom hann einnig fram á Farm-Aid tónleikunum þar sem hann sló í gegn og fann aftur sjálfan sig sem flytjanda. Eftir það varð ekki aftur snúið.

## Ferðin endalaus

Frá árinu 1985 má segja að Bob Dylan hafi verið á samfelldri hljómleikaferð, fyrst með öðrum frægum stjörnuhljómsveit-



um eins og Tom Petty and the Heartbreakers og Grateful Dead en eftir 1988 með lítilli rokkhljómsveit. Þessi stanslausu ferðalög hafa verið nefndar Ferðin endalaus, og hafa vakið mikla hrifningu tryggra aðdáenda. Bob Dylan segir raunar að Ferðinni endalaus hafi lokið 1991 og nefnir ferðirnar eftir það hinum ýmsu nöfnum. Ein hét til dæmis Af hverju horfirðu svona undarlega á mig-ferðin.

Plötur árána milli 1985 og 1997 hafa ekki verið sannfærandi ef undan er skilin platan „Oh Mercy“ með laginu „Series of Dreams“. Annað gott lag kom á plötunni „Knocked Out Loaded“ árið 1987, 12 mínútna þjóðvegaballaða - „Brownsville Girl“. Tvær næstu plötur hétu „Good As I Been to You“ og „World Gone Wrong“ en á þeim voru mestmegnis gamlar soul- og blues-lummur, ágætlega unnar en ekki frumlegar. En hann var einnig að sinna öðru. Árið 1987 lék hann í kvikmyndinni „Hearts of Fire“ og fór í hljómleikaferð með Greatful Deads. Árið 1988 átti hann samstarf við Tom Petty, Georg Harrison og Roy Orbison í Traveling Wilburys. Árið 1992 var hann á mikilli hátíð í Madison Square Garden og ári síðar í Manhattan Supper Club. Árið 1994 var hann á Woodstock með Metallica og Nine Inch Nails.

Árið 1997 gaf Bob Dylan síðan út plötuna „Time Out of Mind“ sem hlaut mjög góðar viðtökur gagnrýnenda og var fyrsta gullplatan hans á þessum áratug. Lokalagið á henni er nærri 17 mínútna langt, „Highlands“.

Sennilega verður ársins 1997 þó enn frekar minnst fyrir þá sök að Bob Dylan veiktist lífshættulega í hjartavef í maí-mánuði. Hann komst þó yfir það og var strax í ágúst á sama ári aftur kominn af stað í Ferðina endalaus. Í september á því ári gekk hann á fund Jóhannesar Páls II. páfa í Róm og söng fyrir hann nokkur lög og í desember sama ár fékk hann æðstu viðurkenningu Bandaríkjanna fyrir listræna snilld en sú viður-

kenning var afhent í Kennedy Center að forseta Bandaríkjanna sjálfum viðstöddum.

Síðustu þrjú árin hefur Bob Dylan verið á stöðugu hljómlaikaferðalagi, jafnt í Bandaríkjunum sem utan þeirra. Hann hefur heimsótt flest Evrópulönd, farið víða um Asíu og Afríku, Suður-Ameríku og Ástralíu. Alls staðar mæta honum full hús aðdáenda á öllum aldri, jafnt gamlir hippar (í lífsstíl eða aldri) sem unglingar, karlar sem konur.

## Bob Dylan á Íslandi

Til Íslands hefur Bob Dylan aðeins komið einu sinni, svo vitað sé. Það var í júní árið 1990 en þá var hann lokagestur og raunar einn stærsti gestur Listahátíðar og sá sem beðið var með hvað mestri eftirvæntingu. Þeir voru jafnvel til sem alls ekki trúðu því að hann kæmi fyrir en tónleikarnir voru afstaðnir.

Undirbúningur tónleikanna gekk vel og samningar við listamanninn náðust greiðlega. Hann og föruneyti hans voru beðnir að senda aðstandendum hátíðarinnar lista yfir þann aðbúnað sem þeir færu fram á í mat, drykk og þjónustu. Í svari þeirra kenndi margra grasa. Maturinn sem þeir vildu helst borða var hamborgarar, pylsur, kjúklingabringur, reyktur sterkkryddaður nautabógur, léttsaltað kjöt, grilluð skinka og ostar. Einnig báðu þeir um vínberjahlaup, ávexti, grænmeti, osta, fitulausa jógúrt frá Dannon, ferskar sítrónur, pastasósu án mæjones, Helstu drykkir voru svaladrykkir með ísmolum, te, búrbon frá Kentucky, Budweiser-þjór, hvítvín og rauðvín frá Kaliforníu.

Miðasala á tónleika Bobs Dylan í Laugardalshöll hófst kl. 16 miðvikudaginn 20. júní, en tónleikarnir voru ráðgerðir miðvikudaginn 27. júní. Strax kl. 9 um morguninn var farin að myndast biðröð og þegar miðasölu lauk þann dag voru 2.000 miðar seldir.

Bob Dylan hafði áætlað að koma til landsins þriðjudagsmorguninn 26. júní. En hann tafðist í um 12 klukkustundir vegna bilunar í flugvél Flugleiða í New York. Nokkur hræðsla greip um sig á Íslandi þegar þetta fréttist, því að Dylan hefur oft áður aflýst tónleikum þegar slíkt hefur komið upp á. En ekki að þessu sinni. Tíminn til að setja upp allan búnað og undirbúa sýninguna varð þó aðeins um sólarhringur. Þrátt fyrir það gaf hann sér góðan tíma innan hliðs í flugstöðinni, gaf eiginhandarátitanir og spjallaði við tollverði, á meðan hörðustu aðdáendur og fjölmiðlafólk beið frammi. Þegar hann síðan kom út, skýldu lífverðir hans honum fyrir ljósmyndurum og blaðamenn fengu engin viðtöl.

Miðvikudagskvöldið 27. júní 1990 rann stóra stundin svo upp. Tónleikarnir hófust með upphitun Bubba Morthens en hann söng nokkur lög við eigin gítarundirleik. Klukkan stundvíslega 22 mætti Bob Dylan svo á sviðið með hljómsveit sinni og hóf tónleikana með „Subterranean Homesick Blues“ frá 1965 og síðan „Ballad of a Thin Man“. Viðtökur áheyrenda voru nokkuð dræmar til að byrja með enda biðu menn enn eftir aðalsmellunum. „Memphis Blues Again“ og „Just Like a Woman“ hleyptu fjöri í mannskapinn og ekki minnkaði ánægjan þegar hann söng „Masters of War“ og „You Gotta Serve Somebody“. Þessi hluti tónleikanna var rafmagnaður.

Næst tók við kafli með órafmögnum hljóðfærum, kassagítar og kontrabassa. Dylan söng af miklum krafti og innlifun þegar hér var komið á tónleikunum. Lög eins og „It’s Allright, Ma“, „It’s All Over Now, Baby Blue“, „Girl of the North Country“, „A Hard Rain’s A-Gonna Fall“ og „Don’t Think Twice“.

Að síðustu var svo aftur skipt yfir í rafmagnshljóðfærin. Tónleikagestir nærri ærðust þegar flutt voru lög eins og „Everything is Broken“, „Living in a Political World“, „All Along

the Watchtower“, „Shooting Star“, „I Shall be Released“ og lokalagið „Like a Rolling Stone“.

En gestir vildu ekki sleppa Bob Dylan við svo búíð. Og þótt að sé ekki venja Bob Dylans að láta klappa sig upp og aldrei oftast en einu sinni gerði hann það í þetta sinn. Fyrst flutti hann órafmagnað lagið „Blowin' in the Wind“ og síðan með miklum og rafmögnum krafti lagið „Highway 61 Revisited“.

Bob Dylan var mjög ánægður eftir þessa tónleika og fannst íslensku tónleikagestirnir góðir og lifandi. Og ánægjan var gagnkvæm. Þeir sem voru á þessum tónleikum líta á þá sem eina bestu og skemmtilegustu upplifun ævi sinnar.

## Áhrif Bob Dylan

Það verður aldrei of mikið gert úr hlutverki Bobs Dylans í sögu rokksins. Bruce Springsteen sagði þegar hann kynnti hann til viðurkenningarinnar í Hall of Fame í Kennedy Center:

„Bob frelsaði huga okkar, rétt eins og Elvis frelsaði líkama okkar. Hann sýndi okkur að þótt tónlistin sé nátengd lík-  
amanum, þurfi hún ekki að vera andvitsmunaleg. Hann hafði sýn og snilligáfu til að semja dægurlag með allan heiminn að innihaldi. Hann fann upp nýjan söngstíl fyrir dægurlagasöngvara, ruddi burt hindrunum í vegi þess hverju sönglistamaður gæti áorkað. Hann breytti ásýnd rokksins að eilífu.“

Árni Matthíasson tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins og sérfræðingur í gömlu goðunum komst svo að orði um Bob Dylan í Morgunblaðinu 29. júní 1990:

Bob Dylan hefur orðið vinsæll á öðrum forsendum en flestar þær poppstjörnur sem hingað hafa komið síðustu ár, fólk metur hann ekki eftir grípandi lögum, heldur innihaldi laganna (oft ímynduðu ef marka má orð Dylans í viðtölum) og hann verður því nánari en einhver poppari sem er ekkert nema smellnar laglínur.

En - eins og Bob Dylan sagði sjálfur:

Þó ykkur líki vel við verkin mín er ekki þar með sagt að ég skuldi ykkur neitt.

Skógum undir Eyjafjöllum í október 2000

*Guðmundur Sæmundsson*